FRÉTTABLAÐIÐ
223. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 21. SEPTEMBER 2018

# Eldislax nálægt því að fjölga sér í náttúrunni

**Hrygna í Eyjafjarðará, sem var úr laxeldi, var við það að hrygna. Samkvæmt norskum stöðlum sleppur um einn lax fyrir hver tvö tonn sem framleidd eru. Formaður LF segir strokulaxa undir áhættuviðmiði.**

**UMHVERFISMÁL** Einar Kristinn Guðfinnsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, segir það ekki skapa hættu fyrir lífríki í ám að eldislaxar hrygni í ánum í litlum mæli. Formaður Landssambands veiðifélaga hefur hins vegar miklar áhyggjur af hrygningu eldislaxa í íslenskum veiðiám.

Hrygnan sem veiddist í Eyjafjarðará þann 4. september síðastliðinn, og Fréttablaðið greindi frá, var kynþroska hrygna á leið í hrygningu í ánni. Eyjafjarðará er afar langt frá sjókvíaeldisstöðvum og hefur laxinn því ferðast langa leið áður en hann veiddist í Eyjafirðinum.

„Hefði þessi hrygna ekki veiðst þá er mögulegt að hún hefði getað hrygnt í ánni seint í haust,“ segir Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri og sérfræðingur ferskvatnsfiska hjá Hafrannsóknastofnun. „Það er þekkt að fiskar af eldisuppruna hrygni seinna að haustinu en villtur lax. Þá eru til dæmi um að hrygnan róti upp öðrum hrognum á hrygningarstað þar sem aðrir fiskar eru farnir af svæðinu og eru ekki til staðar til að verja sitt.“

Einar segir ljóst að þetta hafi ekki áhrif á lífríkið hér við land. „Af þeim 50 til 55 þúsund löxum sem hafa veiðst í íslenskum ám hafa sex laxar komið á land sem mögulega eru úr eldi,“ segir hann. „Það er lítið brotabrot og ljóst að áhrifin eru ekki merkjanleg á lífríkið. Ég tel að þessar fréttir gefi ekki tilefni til að hafa áhyggjur af stöðu villta laxastofnsins, öðru nær.“

„Við höfum gríðarlegar áhyggjur af þessu. Við munum upplifa þetta í auknum mæli næstu árin, að þessir fiskar hrygni og blandist þeim stofni sem fyrir er,“ segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga.

– sa / sjá síðu 4

### Einn strokulax á hver tvö tonn af eldislaxi

Áætlað er að einn strokulax sé á bak við hver tvö framleidd tonn af laxi í sjó. Nái framleiðslan í ár 10.000 tonnum má áætla að um 5.000 strokulaxar fari út í íslenska náttúru á ári hverju.

**Heimild:** Áhættumat fyrir erfðablöndun eldislax og villtra íslenska laxastofna, Hafrannsóknastofnun.




Þriggja daga heimsókn forseta Suður-Kóreu til grannríkisins í norðri lauk í gær. Leiðtogarnir sjást hér skála í rauðu. Yfir þeim hangir kort af sameinuðum Kóreuskaga, umkringdum friðardúfum. Þótt ekkert tímamótaskref hafi verið tekið á fundinum var hann til þess fallinn að halda kjarnorkuafvopnunarferlinu gangandi. Gengið var lengra en á fyrri fundum. Ítarlega er fjallað um leiðtogafundinn á síðu 10 í Fréttablaðinu í dag. NORDICPHOTOS/AFP

## Lítið byggt fyrir tekjulágt fólk

**HÚSNÆÐISMÁL** Fjórtán prósent allra íbúðaviðskipta á almennum markaði fyrstu sjö mánuði ársins voru vegna nýbygginga. Þetta kemur fram í nýrri greiningu húsnæðissviðs Íbúðalánasjóðs um markað með nýjar íbúðir. Fáar nýjar íbúðir henta tekjulægstu hópunum, innan við 2 prósent nýrra íbúða eru auglýst undir 25 milljónum. – sar / sjá síðu 6



## Áfram sungið á íslensku



**LÍFIÐ** Öll lög í forkeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2019 verður að flytja á íslensku. Frá því að tungumálareglan var tekin upp að nýju árið 2010 hefur Ísland ekki komist áfram eða skrapað botninn.

Engir erlendir lagahöfundar mega taka þátt en þeim er þó heimilt að vinna lög og texta í samvinnu við aðra.

Í gær var opnað fyrir að senda inn lög í Söngvakeppnina árið 2019. Keppnin verður haldin í febrúar og munu tíu lög verða valin til að taka þátt. – bb / sjá síðu 30



## Veður




Allhvöss norðlæg átt, en stormur fram eftir degi suðaustan til. Talsverð úrkoma á Norður og Austurlandi, rigning nærri ströndinni en lengst af slydda eða snjókoma ofan 100-200 metra yfir sjávarmáli. Fer að lægja um kvöldið. SJÁ SÍÐU 20



**Nýtt og tæknivætt myndver RÚV sparar sex manns við útsendingu.**

# 184 milljónir í fréttamyndver Ríkisútvarpsins

**RÍKISÚTVARPIÐ** Áætlaður kostnaður við nýtt fréttamyndver Ríkisútvarpsins er 184 milljónir króna. Nýja myndverið í Efstaleiti verður tekið í notkun í kvöld. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gær.

Sjónvarpsfréttir Ríkisútvarpsins í gærkvöldi voru þær síðustu sem sendar voru út úr gamla myndverinu sem þjónað hafði fréttastofunni og ýmsum deildum ríkisstofnunarinnar í hartnær tvo áratugi.



**Fréttastjórinn Rakel Þorbergsdóttir.**

„Vonandi gerir þetta okkur kleift að sinna okkar hlutverki betur en áður,“ sagði Rakel Þorbergsdóttir, fréttastjóri Ríkisútvarpsins, í fréttinni.

Þrátt fyrir að áætlaður kostnaður við myndverið nemi hátt á annað hundrað milljónum króna segir Ríkisútvarpið að áætlanir gerir ráð fyrir að um 20 milljónir króna sparist árlega með nýju og tæknivæddu myndveri. Nýr tæknibúnaður geri það að verkum að nú þurfi aðeins tvo starfsmenn fyrir hverja útsendingu í stað átta áður. Sjónvarpsmyndavélar verði ekki mannaðar heldur eins konar róbótar. – smj

# Spáð í spilin á Glamourkvöldi




Gleðigjafinn og spákonan Sigríður Klingenberg fór með himinskautum á Glamourkvöldi Smáralindar í gær. Spáði hún þar fyrir gestum og gangandi og skemmtu viðstaddir sér konunglega. Mikið var um dýrðir en auk Siggu og félaga var þar kynnt allt það nýjasta í tísku, förðun og heilsu, plötusnúðar héldu uppi stuðinu, dragdrottningar og -kóngar sýndu sínar bestu hliðar og boðið var upp á hinar ýmsu veigar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Þrjú myrt í árás í Maryland

**BANDARÍKIN** Þrjú létu lífið í skotárás í apótekinu Rite Aid í bænum Aberdeen í Maryland í Bandaríkjunum í gær.

Heimildarmaður fréttavefs Politico innan lögreglunnar í bænum sagði þó að sú tala væri til bráðabirgða og gæti breyst enda særðust margir til viðbótar.

Kona, grunuð um árásina, var handtekin og sagði Jeff Gahler lögreglustjóri að hún væri í lífshættu. Íbúar voru hvattir til þess að forðast svæðið umhverfis apótekið en í tísti frá lögregluumdæminu kom þó fram að ekki væri talið að svæðið væri hættulegt.

Að sögn fyrrnefnds Gahlers virðist sem meintur árásarmaður hafi notað skammbyssu. Þá sagði Gahler enn fremur að enginn lögreglumaður á vettvangi hefði hleypt af skoti. – þea






# Ríkið keypt sumarhús fyrir 173 milljónir

**Undanfarin fimm ár hefur íslenska ríkið nýtt sér forkaupsrétt á tólf sumarbústöðum á Þingvöllum. Vilja opna aðgengi almennings að þjóðgarðinum og fylgja stefnu um fækkun sumarhúsa þar og varðveita ásýnd og umhverfi.**

**STJÓRNSÝSLA** Íslenska ríkið hefur á síðastliðnum fimm árum keypt tólf sumarbústaði á Þingvöllum fyrir alls rúmlega 173 milljónir króna. Ríkið á forkaupsrétt þegar bústaðir í þjóðgarðinum bjóðast til sölu og hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið undanfarin ár haft heimild í fjárlögum til að kaupa bústaði þar eða jarðir í næsta nágrenni.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefur framkvæmd þess verið með þeim hætti að ráðuneytinu berst beiðni að frumkvæði Þingvallanefndar þar sem óskað er eftir því að neyta forkaupsréttarins. Ávallt er óskað eftir því að ríkið gangi inn í kaupin með það að markmiði að opna aðgengi almennings að þjóðgarðinum og jafnframt framfylgja stefnu þjóðgarðsins um fækkun sumarhúsa og að varðveita náttúrulega upprunalega ásýnd þjóðgarðsins.

„Þar sem þjóðgarðurinn er á heimsminjaskrá er þessi stefna m.a. í samræmi við tilmæli Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Meginforsendan fyrir því að beita forkaupsréttinum af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur verið sú að fjarlægja eigi umrædd sumarhús til að opna aðgengi almennings að þjóðgarðinum í samræmi við fyrirliggjandi stefnu Þingvallanefndar,“ segir í svari Evu Bjarkar Sverrisdóttur, upplýsingafulltrúa ráðuneytisins, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Sem fyrr segir hafa tólf bústaðir verið keyptir síðastliðin fimm ár en fyrir þann tíma verður að sögn ráðuneytisins ekki séð að sumarhús



**Þessi ónýti bústaður við Þingvallavatn var keyptur af ríkinu árið 2014. Alls hafa tólf verið keyptir síðustu fimm árin fyrir 173 milljónir.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Þetta eru fyrst og fremst bústaðir sem eru til sölu, orðnir gamlir og lélegir.
>
> Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar



í þjóðgarðinum hafi verið keypt fyrir milligöngu ráðuneytisins í þó nokkurn tíma.

„Tveir bústaðir við Gjábakkaland voru seldir til brottflutnings árið 2013, fyrir tæpar 2 m.kr. Reynsla af því að selja bústaði við Þingvelli til brottflutnings hefur hins vegar ekki verið góð, einkum vegna þeirra spjalla sem orðið hafa á viðkvæmum gróðri og landslagi á svæðinu við slíkar framkvæmdir.“

Ari Trausti Guðmundsson, þingmaður og formaður Þingvallanefndar, segir að haldið verði áfram með þessi uppkaup þegar tækifæri gefst.

„Við höfum ekki verið að fara inn til að kaupa fólk út fyrir stórfé eða þegar um er að ræða erfðamál. Þetta eru fyrst og fremst bústaðir sem eru til sölu, orðnir gamlir og lélegir. En þessu verður haldið áfram, þetta eru um 80 bústaðir þarna en margir þeirra gríðarlega dýrir svo þetta mun gerast hægt.“

mikael@frettabladid.is




ENNEMM / SÍA / NM89648 Aukabúnaður á mynd, glerþak.

# SPENNANDI BMW X1 xLINE.

**BMW 20i sDrive, 192 hestöfl. Verð: 5.890.000 kr.**
**BMW 18d xDrive, 150 hestöfl. Verð: 6.495.000 kr.**

**Staðalbúnaður:** Stöðugleikastýring / DSC (Dynamic Stability Control), yfirstýringarvörn / CBC (Cornering Break Control), hemlalæsivörn / ABS, spólvörn / DTC (Dynamic Traction Control), akstursstölva, hituð framsæti, 100w hljómkerfi, AUX/USB tengi, Bluetooth fyrir síma og tónlist, fjarstýrðar samlæsingar, 17" álfelgur, þokuljós í framstuðara, Servotronic léttstýri, armpúði milli framsæta, leðurklætt aðgerðastýri, hraðastillir, loftkæling, 6,5" litaskjár, aftursæti 40/20/40 skipting, BMW mottur, hliðarárekstravörn í hurðum, 6 öryggisloftpúðar, nálgunarvari að aftan, lykillaus gangsetning, leatherette sætisáklæði.

**Aukabúnaður:** xLine pakki, 18" álfelgur, xLine stuðarar, sílsalistar, LED aðalljós, bakkmyndavél, skyggðar afturrúður, LED inniljósapakki, aðfellanlegir útispeglar með minni, þakbogar, málmlakk.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Innri endurskoðun OR breytt í kjölfar óvæntra starfsloka

**STJÓRNSÝSLA** Fyrirkomulagi á innri endurskoðun hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) var breytt fyrr á árinu í kjölfar óvæntra starfsloka Guðmundar Inga Bergþórssonar, sem starfaði sem innri endurskoðandi fyrirtækisins. Sinnir innri endurskoðun Reykjavíkurborgar nú þessu hlutverki.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tengdust starfslok Guðmundar Inga tillögu hans um að utanaðkomandi aðili yrði fenginn til að gera úttekt á stjórnarháttum innan fyrirtækisins. Samkvæmt ákvörðun stjórnar OR mun fara fram óháð úttekt á vinnustaðamenningu hjá fyrirtækinu og tilteknum starfsmannamálum. Hefur stjórnin falið þeirri sömu innri endurskoðun borgarinnar að annast þá úttekt ásamt utanaðkomandi sérfræðingum.



**Brynhildur Davíðsdóttir, stjórnarformaður OR.**

Í bókun byggðarráðs Borgarbyggðar, eins eigenda OR, frá 25. janúar síðastliðnum kemur fram að það sé „nauðsynlegt að innri endurskoðun OR sé skilin frá innri endurskoðun stærsta eiganda fyrirtækisins þegar til framtíðar sé litið“.

Fulltrúar minnihlutans í borginni óskuðu þann 23. ágúst eftir því að fram færi kynning í borgarráði á niðurstöðum úr starfsánægjukönnun stærstu fyrirtækja borgarinnar. Sú tillaga var felld þann 6. september á þeim forsendum að öll fyrirtæki B-hluta yrðu með kynningar í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar þar sem gæfist tækifæri til að spyrja um reksturinn.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði óskuðu í ljósi nýliðinna atburða eftir því að umrædd kynning færi fram í borgarráði í gær en við því var ekki orðið. Brynhildur Davíðsdóttir, stjórnarformaður OR, kom hins vegar á fund borgarráðs til að fara yfir stöðuna. **– sar**



**Thomas Møller Olsen var dæmdur í 19 ára fangelsi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gefi skýrslu og máti úlpu

**DÓMSMÁL** Verjandi Thomasar Møller Olsen, sem sakfelldur var fyrir morðið á Birnu Brjánsdóttur í janúar í fyrra, óskaði eftir því við undirbúningsþinghald í Landsrétti í gær að Thomas gæfi skýrslu við aðalmeðferðina sem fer fram síðar í haust í Landsrétti.

**» Olsen var 94 kíló þegar hann var handtekinn en úlpan í millistærð.**

Líklegt er að Olsen verði látinn máta úlpu við aðalmeðferðina. Úlpan er meðal sönnunargagna sem fundust við rannsókn málsins og voru sýni af henni greind. Olsen segist efast um að hann eigi úlpuna.

Í samtali við Fréttablaðið segir verjandi Thomasar, Björgvin Jónsson, að fram komi í greinargerðinni að úlpan sé í millistærð og að Olsen hafi verið um 94 kíló þegar hann var handtekinn. Því eigi að leyfa honum að máta úlpuna til að sannreyna hvort hún passi eða ekki.

Dómari lagði til við undirbúningsþinghaldið að ríkissaksóknari myndi mæta með vigt til réttarhaldanna til að athuga hvort Olsen sé í svipaðri þyngd í dag og hann var þegar hann var handtekinn.

Dómarar Landsréttar munu nú taka sér einhverjar vikur til að fara yfir óskir bæði saksóknara og verjanda og í framhaldi af því ákveða dagsetningu aðalmeðferðar. **– la**

# Eldislaxinn var að því kominn að hrygna í Eyjafjarðaránni

**Hrygnan sem veiddist í Eyjafjarðará var kynþroska og komin að því að hrygna. Framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva segir fjölda eldislaxa í ám landsins innan áhættuviðmiða. Fjórir eldislaxar hafa nú þegar verið staðfestir í íslenskum veiðiám í sumar. Veiðifélögin hafa gríðarlegar áhyggjur af málinu.**

**UMHVERFISMÁL** Eldislaxinn sem veiddist í Eyjafjarðará þann 4. september síðastliðinn var kominn áleiðis í hrygningu og líklegt að hrygnan hefði náð að að hrygna í ánni þetta haustið. Þetta segir sérfræðingur og sviðsstjóri í málefnum ferskvatnsfiska hjá Hafrannsóknastofnun. Einar K Guðfinnsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, segir óþarfa að hafa áhyggjur af eldisfiski.

„Þessi hrygna í Eyjafjarðará veiddist um mánaðamótin ágúst-september og var komin áleiðis í þroskun hrogna. Við metum það eftir þroska hrognasekkja. Hefði þessi hrygna ekki veiðst þá er mögulegt að hún hefði getað hrygnt í ánni seint í haust,“ segir Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri og sérfræðingur ferskvatnsfiska hjá Hafrannsóknastofnun. „Það er þekkt að fiskar af eldisuppruna hrygni seinna að haustinu en villtur lax. Þá eru til dæmi um að hrygnan róti upp öðrum hrognum á hrygningarstað þar sem aðrir fiskar eru farnir af svæðinu og eru ekki til staðar til að verja sitt.“

Einar segir ljóst að þetta hafi ekki áhrif á lífríkið hér við land. Einnig bendir hann á að samkvæmt sérfræðingum í fiskeldi við Háskólann á Hólum sé langlíklegast að fiskur sem sleppi úr sjókvíaeldi drepist áður en hann gengur upp í ár.

„Eins og Hafrannsóknastofnun hefur bent á er þetta langt innan allra áhættuviðmiða í útreikningum þeirra. Af þeim 50 til 55 þúsund löxum sem hafa veiðst í íslenskum ám hafa sex laxar komið á land sem mögulega eru úr eldi,“ segir Einar.



**Laxinn veiddist í Eyjafarðará þann 4. september síðastliðinn.**



**Einar K Guðfinnsson, framkvæmdastjóri LF.**

„Það er lítið brotabrot og ljóst að áhrifin eru ekki merkjanleg á lífríkið. Ég tel að þessar fréttir gefi ekki tilefni til að hafa áhyggjur af stöðu villta laxastofnsins, öðru nær.“

Vitnar Einar þar til fréttar á vef Hafrannsóknastofnunar þar sem kemur fram að þessi fjöldi eldislaxa í ám sé í samræmi við það sem áhættumat um erfðablöndun gerir ráð fyrir miðað við núverandi umfang sjókvíaeldis.

„Við vitum nú með vissu að fjórir eldislaxar hafi veiðst í íslenskum ám í sumar. En einnig eru nokkrir fiskar til rannsóknar hjá okkur sem bera einkenni þess að geta hafa verið í eldi. Því getum við ekki með vissu sagt hversu margir eldislaxar hafi veiðst hér á landi í sumar,“ bætir Guðni við.

„Við höfum gríðarlegar áhyggjur af þessu. Við munum upplifa þetta í auknum mæli næstu árin að þessir fiskar hrygni og blandist þeim stofni sem fyrir er,“ segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga. „Okkur finnst eldi á frjóum laxi vera algjörlega ábyrgðarlaust gagnvart náttúru landsins og munum krefjast þess að gerð verði erfðagreining til að sjá hvaðan þessir laxar koma. Eyjafjörður er langt frá sjókvíaeldi en reynslutölur frá Noregi segja að strokufiskur geti farið allt að þúsund kílómetra frá sleppistað. Því munum við sjá eldislax um allt land á næstu árum.“

sveinn@frettabladid.is

### Fiskeldi vaxandi iðnaður

Fiskeldisfyrirtæki landsins hafa sótt um leyfi til að framleiða yfir 150 þúsund tonn af fiski á hverju ári en nú eru um 15.000 tonn framleidd. Þar eru Arnarlax, Fiskeldi Austfjarða, Arctic Sea Farm og Laxar fiskeldi stærstu sjókvíaeldisfyrirtækin.



Landssamband fiskeldisstöðva telur gjaldeyristekjur þjóðarinnar af greininni vera um 15 milljarða. Sú tala verði komin í 50 milljarða innan fárra ára.

Vöxtur greinarinnar er mestmegnis bundinn við sjókvíaeldi og svæðin hér á landi sem skilgreind hafa verið sem svæði fyrir þann iðnað eru þrjú: Austfirðir, Vestfirðir og Eyjafjörður.

fiat.is

FIAT 500 - FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ!

AÐEINS 10 BÍLAR Á ÞESSU EINSTAKA VERÐI FRÁ 1.790.000 KR.



5 ÁRA ÁBYRGÐ

TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN OG GLÆSILEGAN FIAT 500 MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.790.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433

WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Rýmingarsala bókaútgefenda í **Holtagörðum**

# Allt að 90% AFSLÁTTUR

**Opnunartími 10-18**
**alla daga vikunnar**

**BÆKUR FRÁ 99 KR.**

**ALLIR SEM VERSLA FÁ BÓK AÐ GJÖF**




**Stóra alifuglabókin**
Verð: 99 kr.




**Íslandssaga A til Ö**
Verð: 1490 kr.




**Jörðin**
Verð: 2990 kr.




**Nigella á ítölskum nótum**
Verð: 490 kr.




**Bækurnar um Tröllastrákinn**
Verð: 990 kr.
hver bók




**Þegar litirnir fengu nóg**
Verð: 999 kr.




**Frábærlega framúrskarandi konur**
Verð: 999 kr.




**Strákar**
Verð: 490 kr.

# Furðuskepnan Dickinsonia reyndist elsta dýr jarðsögunnar

**STEINGERVINGAR** Vísindamenn við ríkisháskólann í Ástralíu tilkynntu í gær að þeir hefðu fundið fitusameindir í steingervingi af dýri sem var á lífi fyrir 558 milljónum ára.

Steingervingurinn, sem er af tegundinni Dickinsonia, tilheyrir Edicara-fánunni en það eru steingerð fyrirbæri sem finnast í jarðlögum frá tímanum fyrir kambríumtímabilið þegar fjölfrumungar spruttu fram í miklum mæli.

Dickinsonia var furðuvera mikil. Vísindamenn hafa deilt um það hvort flokka eigi fyrirbærið sem dýr, sveppi, fléttur, amöbur eða leifar af horfnu ríki náttúrunnar.

Dickinsonia var sívalur ormur og náði allt að 1,4 metra lengd. Dýrið, líkt og öll dýr frá Edicara-tímabilinu, hafði hvorki skel né bein. Er dýrið talið hafa liðast eftir sjávarbotninum eins og slanga.

Vísindamennirnir fundu vel varðveittan steingerving af Dickinsonia við Hvítahaf í Rússlandi. Í honum var vefur sem hafði að geyma kólesteról-sameindir.

„Þessi ævaforna fita staðfestir að Dickinsonia er elsti dýrasteingervingurinn, og þar með áratugagömul ráðgáta sem kölluð hefur verið hið heilaga gral steingervingafræðanna hefur verið leyst,“ segir Jochen Brooks, prófessor í jarðefnafræði við ríkisháskólann í Ástralíu. – khn



550 milljóna ára gamall Dickinsonia-steingervingur. NORDICPHOTOS/GETTY



Björgólfur Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Tók áratug að gera upp þrotabú Samson

**VIÐSKIPTI** Aðeins fengust tæp 8,6 prósent upp í 77 milljarða króna almennar kröfur í þrotabú Samson eignarhaldsfélags ehf. sem á árunum fyrir hrun hélt utan um hlut Björgólfsfeðga í Landsbankanum. Tilkynnt var um skiptalok í þrotabúinu í Lögbirtingablaðinu í gær.

Félag þeirra Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors, sonar hans, var úrskurðað gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 12. nóvember 2008 og var Helgi Birgisson lögmaður þá skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Ljóst er að verkefnið að ljúka skiptum í búinu hefur verið umfangsmikið enda tók það nær áratug.

Í Lögbirtingablaðinu segir að 6,4 milljarðar hafi fengist upp í almennar kröfur sem námu rúmlega 77,4 milljörðum. Búskröfur að fjárhæð 1,6 milljónir og forgangskröfur að fjárhæð 1,7 milljónir fengust greiddar að fullu. Ekkert fékkst greitt upp í eftirstæðar kröfur. – smj

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Fáar íbúðir í byggingu handa þeim sem hafa lítið eigið fé

**Hlutfall nýrra íbúða af íbúðaviðskiptum hefur farið stöðugt vaxandi síðustu ár og er fjórtán prósent nú samkvæmt nýrri greiningu Íbúðalánasjóðs. Fermetraverð nýrra íbúða í Reykjavík er um þriðjungi hærra en eldri íbúða. Stærstur hluti nýrra íbúða sem eru 120 fermetrar og minni seljast á eða yfir ásettu verði.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Fjórtán prósent allra íbúðaviðskipta á almennum markaði fyrstu sjö mánuði ársins voru vegna nýbygginga. Þetta kemur fram í nýrri greiningu húsnæðissviðs Íbúðalánasjóðs um markað með nýjar íbúðir.

Hefur þetta hlutfall farið stöðugt vaxandi frá árinu 2010 þegar það var aðeins þrjú prósent. Í hámarki uppsveiflunnar 2007 var hlutfallið 18 prósent.

Afar misjafnt er milli sveitarfélaga hversu stór hluti seldra íbúða á tímabilinu var nýjar íbúðir. Í Reykjavík var hlutfallið aðeins sex prósent en 56 prósent í Mosfellsbæ og 45 prósent í Garðabæ.

Hagdeild Íbúðalánasjóðs hefur bent á að miklu skipti að þær íbúðir sem byggðar verða á yfirstandandi uppbyggingarskeiði henti þörfum landsmanna. Margt bendi til þess að sérstakur skortur sé á minni og hagkvæmari íbúðum og að eftirspurnin beinist ekki síður að nýjum íbúðum.

Þrátt fyrir það sé ljóst að fáar nýjar íbúðir sem komið hafa á markaðinn að undanförnu henti tekjulægstu hópunum. Þannig hafa fyrstu sjö mánuði ársins innan við tvö prósent nýrra íbúða verið auglýst undir 25 milljónum og um fimm prósent undir 30 milljónum. Af eldri íbúðum voru sex prósent auglýst undir 25 milljónum og um 13 prósent undir 30 milljónum.

Í Reykjavík var fermetraverð nýrra íbúða 32 prósentum hærra en eldri íbúða. Var fermetraverð nýrra íbúða að meðaltali 586 þúsund krónur en meðaltal eldri íbúða 445 þúsund.

Þessi munur var minni í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hann var tólf prósent, og í nágrannasveitarfélögum, þar sem hann var 17 prósent. Á landsbyggðinni var þessi munur hins vegar 75 prósent.



Stór hluti nýrra íbúða sem eru 120 fermetrar að flatarmáli eða minni selst á eða yfir ásettu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**35%**

**seldra nýrra íbúða á árinu voru þriggja herbergja.**

Þegar söluverð er skoðað í samanburði við ásett verð kemur í ljós að tæplega þrír fjórðuhlutar nýrra íbúða sem eru innan við 80 fermetrar seljast á eða yfir ásettu verði. Innan við þriðjungur eldri íbúða í þessum stærðarflokki selst á eða yfir ásettu verði. Svipaða sögu er að segja um íbúðir 80-120 fermetra. Mun færri nýjar íbúðir stærri en 120 fermetrar seljast á eða yfir ásettu verði, eða tæpur þriðjungur.

**» Innan við 2 prósent nýrra íbúða eru auglýst undir 25 milljónum.**

**» Um 5 prósent nýrra íbúða eru auglýst undir 30 milljónum.**

Hlutfall tveggja og þriggja herbergja íbúða sem voru seldar á tímabilinu var hærra af nýjum íbúðum en þeim eldri.

Þannig voru tveggja herbergja íbúðir 23 prósent seldra nýrra íbúða en 16 prósent þeirra eldri. Um 35 prósent nýrra íbúða sem seldust voru þriggja herbergja en hlutfallið fyrir eldri íbúðir var um 30 prósent.

Um þriðjungur þeirra íbúða sem nú eru skráðar í byggingu samkvæmt Þjóðskrá er í Reykjavík, 14 prósent í Kópavogi, 8 prósent í Reykjanesbæ og 7 prósent bæði í Árborg og Mosfellsbæ.
sighvatur@frettabladid.is




# Hagræðing VÍS árás á landsbyggðina

**VIÐSKIPTI** Vátryggingafélag Íslands (VÍS) hefur ákveðið að loka átta skrifstofum sínum á landsbyggðinni. Er það liður í endurskipulagningu fyrirtækisins þar sem gert er ráð fyrir að þjónustan fari meira fram í gegnum net og síma.

Af þeim átta skrifstofum sem lokað verður verða sex sameinaðar öðrum, en tveimur alveg lokað, á Höfn og í Vestmannaeyjum. Þrettán umboðsskrifstofum víða um land verður sömuleiðis lokað.

VÍS mun einnig segja upp samningum við svokallaða umboðsmenn sína víða um land, alls þrettán talsins, en þeir verktakar sinntu umboðsstarfi fyrir VÍS og sáu til dæmis um að útvega viðskiptavinum tilboð í tryggingar eða hittu viðskiptavini og fór yfir endurnýjun. Áform VÍS féllu í grýttan jarðveg þegar tilkynnt var um þau í gær.

**» VÍS hyggst loka átta skrifstofum og segja upp þrettán verktakasamningum.**

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, sagði í samtali við Fréttablaðið.is í gær að hann íhugaði alvarlega að færa viðskipti sín annað. En VÍS hyggst loka umboðsskrifstofu sinni á Akranesi.

„Ugglaust mun stjórn Verkalýðsfélags Akraness skoða hvort það verði einnig gert með allar tryggingar félagsins hjá VÍS. Það er algjörlega óþolandi að þegar verið er að leita hagræðingar þá er ætíð ráðist á landsbyggðina og þeirri þróun verða neytendur á landsbyggðinni að svara af fullum krafti,“ segir Vilhjálmur og spyr hver hagræðingin sé í að missa fjölda viðskiptavina. – smj, jt



Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


20 30
ELDKLÁRT
EINFALT AÐ ELDA
ALLT NIÐUR SKORIÐ
ÞÚ ELDAR Á 20-30 MÍN.
ENGIN MATARSÓUN
FLJÓTLEGT
MATUR FYRIR TVO
FERSKT
HAGKAUP
BÓNUS

# Auknar heimildir til lögreglu á döfinni

**Dómsmálaráðherra boðar frumvarp um auknar heimildir til aðgangs að fjarskiptaupplýsingum. Varða farsíma ótilgreinds fjölda fólks án tillits til gruns um refsiverða háttsemi. Getur gagnast við leit að fólki segir ráðherra.**



**Á blaðamannafundi lögreglu um leitina að Birnu Brjánsdóttur kom fram að óskað hefði verið eftir úrskurði um heimild til að skoða farsímanotkun á þeim svæðum þar sem sími Birnu sendi frá sér merki.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan getur óskað eftir upplýsingum um staðsetningu farsíma fólks sem ekki liggur undir grun um refsivert brot, verði fyrirhugað frumvarp dómsmálaráðherra að lögum en hún hyggst leggja til að lögreglu verði fengnar auknar heimildir til að afla upplýsinga um alla farsíma sem staðsettir eru á tilteknum stað og tíma í þágu þágu rannsóknar sakamála.

Heimild lögreglu hefur hingað til einskorðast við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki sem rökstuddur grunur er um að notað hafi verið í tengslum við refsivert brot. Með breytingunni myndi lögreglan hins vegar geta krafist upplýsinga frá fjarskiptafyrirtækjum um alla síma eða fjarskiptatæki á afmörkuðu svæði og tímabili án þess að eigendur umræddra fjarskiptatækja liggi undir grun um refsiverða háttsemi. Lögregla gæti því fengið fjarskiptaupplýsingar ótal ótilgreindra aðila sem engin tengsl kunna að hafa við þann refsiverða verknað sem til rannsóknar er.

„Þær upplýsingar sem lögreglunni verður unnt að nálgast verði þessi lagabreyting samþykkt á Alþingi geta skipt sköpum við rannsókn á ýmiss konar refsiverðri háttsemi og jafnvel flýtt fyrir því að fólk sem saknað er finnist,“ segir Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra. Hún segir ástæðu til að löggjafinn taki þetta til skoðunar enda megi ráða af dómum Hæstaréttar að gildandi ákvæði sakamálalaga heimili ekki þá upplýsingaöflun sem hér um ræðir og því ástæða til að löggjafinn taki þetta til skoðunar. Þetta rannsóknarúrræði lögreglu telst mjög íþyngjandi og felur í sér undantekningarreglu frá 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs.

Í dómi Hæstaréttar frá 2012 var því slegið föstu að ekki væri heimilt að verða við svo víðtækri kröfu lögreglu um upplýsingar eins og hér um ræðir. Í umræddu máli var lögregla að rannsaka nauðgun á Þjóðhátíð í Eyjum og ekki lá fyrir hver gerandinn var en við skoðun á myndbandsupptöku úr eftirlitskerfi í Herjólfsdal mátti sjá karlmann sem svipaði til lýsingar brotaþola á geranda hlaupa frá brotavettvangi og niður á bifreiðastæði í Herjólfsdal. Á upptökunni sást maðurinn tala í síma, skömmu eftir að hið ætlaða brot var framið. Lögregla vildi því freista þess að fá upplýsingar um öll símtöl sem áttu sér stað á umræddu tímabili. Því hafnaði Hæstiréttur sem fyrr segir með vísan til stjórnarskrárákvæðis um friðhelgi einkalífs.

> **»** **Ráðherra segir heimildina geta skipt sköpum við rannsókn á ýmiss konar refsiverðri háttsemi og jafnvel flýtt fyrir því að fólk sem saknað er finnist.**

Síðan þá hafa dómstólar almennt vísað til þessa fordæmis og synjað áþekkum beiðnum lögreglu. Þó hefur verið brugðið út af þessu eins og gert var þegar leitin að Birnu Brjánsdóttur stóð sem hæst.

Örfáum dögum eftir að leitin að Birnu Brjánsdóttur hófst fékk lögreglan dómsúrskurð um afhendingu upplýsinga um alla farsíma sem komu inn á sömu farsímasendа og sími Birnu á tilteknu tímabili; sendi við Mál og menningu, við Lindargötu, mastur á horni Laugavegs og Barónsstígs og að lokum mastur í Laugarnesi. Með úrskurði héraðsdóms var vikið frá þeirri dómaframkvæmd sem fylgt hafði verið til þess tíma með vísan til fordæmis Hæstaréttar frá 2012. Ólíkt því sem venja hefur verið, kærðu fjarskiptafyrirtæki úrskurðinn ekki til Hæstaréttar. **adalheidur@frettabladid.is**

NISSAN
Innovation that excites
NISSAN INTELLIGENT MOBILITY


AutoTrader
BEST
BÚNI BÍLLINN
2018
VIÐURKENNING
NISSAN JUKE ACENTA+
BENSÍN / FJÓRHJÓLADRIFINN / SJÁLFSKIPTUR
190 HESTÖFL / EYÐSLA 6,5 L/100 KM*
TILBOÐSVERÐ: 3.890.000 KR.
ALMENNT VERÐ: 4.290.000 KR.
TÖFFARINN Í FJÖLSKYLDUNNI
**NISSAN** hlaut viðurkenningu bílasöluritsins AutoTrader sem **BEST BÚNI BÍLLINN 2018**. Viðurkenningin er byggð á könnun meðal rúmlega 40 þúsund bíleigenda á því hvaða framleiðandi uppfylli best þarfir um staðalbúnað í nýjum bifreiðum.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM89843
GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

# Þú getur alltaf treyst á okkur

## - nú treystum við á þig

Söfnunarþáttur í kvöld kl. 19.25
á Stöð 2 í opinni dagskrá

Aðalstyrktaraðilar okkar eru:

SJÓVÁ vodafone olís ICELANDAIR GROUP

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Gengið lengra nú en á fyrri fundum

**Þriðja leiðtogafundinum á Kóreuskaga lauk í gær. Einræðisherrann og forsetinn undirrituðu yfirlýsingu, sóttu fimleikasýningu, snæddu saman og gengu á hæsta tind Kóreuskaga. Skiptar skoðanir um ágæti yfirlýsingarinnar sem gengur þó lengra en áður.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**NORÐUR-KÓREA** Þriggja daga leiðtogafundi ríkjanna á Kóreuskaga í norðurkóresku höfuðborginni Pjongjang lauk í gær. Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, og Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, undirrituðu svokallaða Pjongjang-yfirlýsingu á fundinum. Í henni er meðal annars kveðið á um aukið samstarf, vinnu í átt að friði og svo aukna vinnu við kjarnorkuafvopnun skagans.

Ákveðið frost hefur verið í kjarnorkuafvopnunarferlinu undanfarna mánuði. Bandaríkjamenn hafa átt erfitt með að ná nokkru haldbæru fram í málinu og togstreita var komin í samskiptin. En þótt ekkert tímamótaskref hafi verið tekið á leiðtogafundi vikunnar þykir ljóst að ferlið sé aftur komið á skrið.

### Gæti slökkt á kjarnorkuveri

Stærsta einstaka loforðið sem fékkst frá einræðisstjórninni var að rífa eldflaugatilraunastöðina í Dongchang-ri. Þar hefur norðurkóreski herinn skotið, þróað og prófað langdrægar eldflaugar frá árinu 2012. Eftirtektarverðast þykir, að mati stjórnmálaskýrenda suðurkóreska miðilsins Yonhap, að Kim lofaði því að það yrði gert í viðurvist erlendra eftirlitsmanna „frá viðeigandi ríkjum“.

Þá sagðist Kim einnig tilbúinn til þess að slökkva varanlega á kjarnorkuverinu í Yongbyon ef Bandaríkin svöruðu með „fullnægjandi mótvægisaðgerðum“. Talið er víst að þar séu framleidd efni fyrir kjarnorkuvopn. Ef af því verður er ljóst að það mun minnka getu norðurkóreska ríkisins til þess að framleiða kjarnorkusprengjur.

Að auki var því lofað að afvopnast í meira mæli á landamærasvæðinu og að öll kjarnorkuvopn yrðu fjarlægð af Kóreuskaga þótt sú lína yfirlýsingarinnar hafi verið óljós og án nánari útskýringa.

### Frelsa Kóreu frá stríði

„Við höfum samþykkt að frelsa Kóreuskagann frá óttanum við stríð. Við munum útrýma öllum átakapunktum og höfum samþykkt nákvæm skref í átt að kjarnorkuafvopnun í fyrsta sinn,“ sagði sá suðurkóreski við undirritun á miðvikudaginn.

Kim sagði sáttmálann til þess fallinn að lyfta sambandi ríkjanna upp í nýjar hæðir. „Við munum lenda í ófyrirséðum erfiðleikum á þessari vegferð en þá munum við yfirstíga í sameiningu. Erfiðleikarnir munu gera samband okkar sterkara og sá styrkur verður grundvöllurinn að myndun sameinaðrar, sterkrar þjóðar,“ sagði Kim og bætti við:

„Heimurinn mun koma til með að sjá okkur, sem höfum verið rifin í tvennt og í lægstu lægðum lengi, móta okkar eigin örlög.“

### Vinsæll í norðri

Moon Jae-in varð fyrsti suðurkóreski leiðtoginn til að halda ræðu í Pjongjang á miðvikudagskvöld. Hann sótti fimleikakeppni á Fyrsta-maívellinum, stærsta íþróttaleikvangi veraldar, í fylgd Kim en leikarnir eru ein stærsta áróðurssýning norðurkóreska leiðtogans.

Vera suðurkóreska forsetans á leikunum var umdeild. Þótti stjórnarandstæðingum mörgum hann vera að aðstoða Kim við áróður sinn í heimalandinu.

Í ræðu sinni fjallaði Moon einna helst um mögulega sameiningu ríkjanna á Kóreuskaga. „Við höfðum lifað í sátt og samlyndi í 5.000 ár og nú í sundur í ein 70. Ég hvet ykkur öll til þess að binda enda á hatrið og taka stórt skref í átt að sameiningu,“ sagði Moon við 150.000 áhorfendur.

„Við Kim Jong-un formaður munum vinna saman að því að byggja upp nýtt ríki. Ríki þeirra 80 milljóna sem byggja Norður- og Suður-Kóreu. Stígum saman inn í nýja tíma,“ bætti forsetinn við og sagði að á fundinum í Panmunjom í apríl hefðu leiðtogarnir lýst því yfir að nú yrði ekkert stríð á Kóreuskaga, öld friðarins væri hafin.

Andray Abrahamian, sérfróður viðmælandi BBC um málefni Norður-Kóreu, sagði að ræðan hefði verið sniðin að norðurkóreskum hlustendum. Forsetinn hefði reynt að afla sér stuðnings og það hefði trúlega tekist. Vinsældir hans í Norður-Kóreu væru nú fordæmalausar.

### Fóru í fjallgöngu

Leiðtogarnir tveir funduðu ekki um stóru málin í gær heldur var tímanum varið í fjallgöngu á Paektu-fjall, hæsta tind Kóreuskaga. Moon er þekktur fyrir dálæti sitt á fjallgöngum. Þegar á toppinn var komið sagði hann að nú hefði ævilangur draumur loks ræst.

„Margir Suður-Kóreumenn fara á Paektu-fjall frá Kína en ég ákvað að gera það ekki. Ég lofaði sjálfum mér því að fara frá Kóreu. En fram liðu stundir og ég var farinn að halda að þessi draumur myndi aldrei rætast. Það gerði hann hins vegar í dag,“ sagði Moon.

### Umdeildur árangur

Sitt sýndist hverjum í Suður-Kóreu um ágæti samkomulagsins. Ríkisstjórnarflokkarnir voru hrifnir af því en Flokkur frjálsrar Kóreu, hinn íhaldssami stjórnarandstöðuflokkur, sagði fátt um smáatriði í yfirlýsingunni. Dongchang-ri væri enginn lykill að kjarnorkuafvopnun og ekki væri fullnægjandi að skilyrða lokun kjarnorkuversins í Yongbyun með þeim hætti sem gert var.

Undir það var tekið í umfjöllun fréttavefs Chosun Ilbo. Þar var skortur á smáatriðum einna helst gagnrýndur og niðurrif eldflaugastöðvarinnar í Dongchang-ri sagt marklaust.

Umfjöllun Korea Herald var á jákvæðari nótum. Blaðið sagði sérfróða viðmælendur sína halda því fram að fundurinn hefði haldið kjarnorkuafvopnunarferlinu gangandi þótt ekkert tímamótaskref hefði verið tekið.

### Fleiri leiðtogafundir

Kim lofaði því á fundinum að hann myndi heimsækja suðurkóresku höfuðborgina Seúl á komandi mánuðum. Það yrði fyrsta heimsókn norðurkóresks leiðtoga til Seúl en fyrri leiðtogafundir hafa allir farið fram á landamærunum eða í Pjongjang.

Þá var tilkynnt um að Moon myndi halda til Bandaríkjanna á sunnudag. Þar myndi hann funda með Trump forseta og fara yfir leiðtogafundinn í Panmunjom. Bandaríkjamenn eru sjálfir að skipuleggja annan fund Trumps og Kim.

Moon hélt blaðamannafund við heimkomuna til Seúl og sagði Kim tilbúinn til þess að hraða kjarnorkuafvopnun svo lengi sem Bandaríkjamenn væru tilbúnir til að tryggja öryggi ríkis hans og stjórnar. „Kim formaður sagðist vilja klára að afvopnast svo hann gæti einbeitt sér að þróun norðurkóreska hagkerfisins.“

Þá sagði forsetinn enn fremur að Kim vildi halda annan leiðtogafund með Trump forseta sem allra fyrst. Hann sagðist myndu greina Trump frá því sem þeir Kim ræddu um á fundinum en rataði ekki á blaðsíður hinnar sameiginlegu yfirlýsingar.



**Sólin skein á leiðtogana tvo þegar þeir fóru saman á Paektu-fjall, hæsta tind Kóreuskaga, í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

## Sameinuðu þjóðirnar fylgjast með

Sveitir Sameinuðu þjóðanna (UNC) í Suður-Kóreu, undir forystu Bandaríkjamanna, sögðu í yfirlýsingu í gær að þær myndu fara vel og vandlega yfir sameiginlega yfirlýsingu um hernaðarmál sem ríkin á Kóreuskaga undirrituðu á fundinum. Spurningarmerki hafa verið sett við hvaða áhrif yfirlýsingin kynni að hafa á aðgerðir bandaríska hersins á svæðinu, en um er að ræða meðal annars minnkaða viðveru landamæravarða, og flug- og siglingabannsvæði.

„UNC munu fara vandlega yfir smáatriði þessa ítarlega samkomulags til þess að tryggja að það samræmist vopnahléssamningnum [sem gerður var eftir Kóreustríðið] og fylgjast þar að auki með innleiðingu samkomulagsins með núverandi ástand í huga,“ sagði í tilkynningu sveitanna.

Að auki sagði þar að sveitirnar myndu vinna náið með varnarmálaráðuneyti Suður-Kóreu í málinu og með norðurkóreska hernum í tilfallandi tilvikum að því að vinna sig í gegnum hina sameiginlegu yfirlýsingu og innleiðingu hennar.

## Brot úr yfirlýsingunni



| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stefnt er að samvinnu á ný á Kaesong-iðnaðarsvæðinu. | Opna á Kumgang-fjall í Norður-Kóreu fyrir suðurkóreskum ferðamönnum. | Ríkin tvö stefna á aukið samstarf á sviði umhverfismála. | Sameina á sundraðar fjölskyldur og auka samstarf á sviði mannúðarmála. | Keppt verður í sameiningu á ÓL 2020 og unnið að því að fá að halda sumarleikana 2032 saman. | Eldflaugatilraunastöðin Donchang-ri verður rifin í viðurvist erlendra eftirlitsmanna. | Tengja á ríkin tvö með nýrri járnbraut og hraðbrautir yfir landamærin verða tengdar á ný. |

## Hinn auðmjúki Kim

Kim þótti sýna auðmýkt þegar hann tjáði sig við undirritun yfirlýsingarinnar í gær. Öfugt við föður hans, sem talaði um „sósíalistaparadís“ minnti hinn ungi einræðisherra á að ekki væri allt fullkomið í Norður-Kóreu. Bað Moon meðal annars afsökunar á gistiaðstöðu hans og sagði að hún væri „ósmekkleg samanborið við hótel í þróuðum ríkjum“.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kim sýnir slíka auðmýkt. Hann ráðlagði Moon til dæmis að fljúga til Norður-Kóreu frekar en að keyra á fundi þeirra í apríl þar sem vegir einræðisríkisins væru svo slæmir.

Í samtali við suðurkóreska blaðið Korea Times sagði greinandinn Kim Hyun-deok að þessi svokallaða auðmýkt leiðtogans væri gjörólík viðmóti föður hans, fyrrverandi einræðisherrans Kim Jong-il. „Kim Jong-il fæddist þegar Norður-Kórea var auðugri en Suður-Kórea og upplifði glæsta tíma í sögu þjóðar sinnar. En Kim Jong-un, þessi 35 ára gamli leiðtogi, fékk að upplifa kapítalismann þegar hann gekk í skóla í Sviss og hefur svo þurft að horfa upp á hnignun ríkisins,“ sagði greinandi Kim.



**Moon og Kim fagna sameiginlegri yfirlýsingu sinni með kort af sameinuðum Kóreuskaga í bakgrunni.** NORDICPHOTOS/AFP

rekkjan HEILSURÚM

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

30% AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN

# Royal Alexa

## ROYAL ALEXA Á 30% AFSLÆTTI

Frábært heilsurúm með tvöföldu pokagormakerfi, fimmsvæða skiptu, mjúkum topp ásamt botni og fótum.



Stærð 140X200 cm
**139.955 kr.**
12.476 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 199.935 kr.**



Stærð 160X200 cm
**158.019 kr.**
14.034 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 225.741 kr.**



Stærð 180X200 cm
**188.336 kr.**
16.649 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 269.051 kr.**

*Langar þig í betri svefn, vakna úthvíld/ur og tilbúin í daginn?*

40% AFSLÁTTUR AF KING KOIL RÚMUM

KING KOIL 120 ÁRA 1898-2018

*KING KOIL*

# FRAMÚRSKARANDI FULLKOMNUN

GÆÐI OG NÝSKÖPUN Í 120 ÁR 1898-2018



## KING KOIL ALPINE PLUSH

Hágæða Amerískt heilsurúm með millistífu fimmcsvæða skiptu poka-gorma kerfi, mjúkur toppurcog steyptir kantar, ásamt botni og fótum.

Stærð King (193x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**213.459 kr.**
18.816 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 355.765 kr.**

Stærð Queen (153x203 cm)
**AFMÆLISVERÐ**
**154.070 kr.**
13.693 kr.* á mánuði með kredikortaláni
**Fullt verð 256.783 kr.**



*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

# Svikalogn



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Þetta stóð tæpt. Með farsælli lendingu í skuldabréfaútboði WOW air, þar sem flugfélaginu tókst að tryggja sér fjármögnun upp á um 7,7 milljarða króna, hefur meiriháttar efnahagslegu slysi verið afstýrt. Það er samt engin ástæða til að fara í kringum hlutina. Sú staða var uppi í byrjun liðinnar viku, þegar útlitið var orðið verulega dökkt varðandi hvort útboðið myndi klárast, að raunhæfar líkur voru á því að félagið þyrfti að óska eftir gjaldþrotaskiptum. Sú niðurstaða varð sem betur fer ekki að veruleika. Óþarfi er að fjölyrða um afleiðingarnar. Höggið fyrir íslenskt efnahagslíf, að minnsta kosti til skemmri tíma litið, hefði verið umtalsvert þar sem gengið hefði veikst, eignamarkaðir lækkað og spár um hóflegan hagvöxt snúist upp í samdrátt.

Flugfélagið er núna komið fyrir vind – að minnsta kosti í bili – en það stendur hins vegar eftir sem áður, rétt eins og mörg önnur evrópsk flugfélög, frammi fyrir erfiðum áskorunum á komandi vetri og stjórnendur hafa lítið svigrúm til að taka rangar ákvarðanir. Engar olíuverðslækkanir eru í spákortunum og gríðarhörð samkeppni í flugi yfir hafið þýðir að meðalfargjöld munu áfram haldast mjög lág.

Áætlanir WOW air gera ráð fyrir rúmlega þriggja milljarða tapi á þessu ári en að verulegur viðsnúningur verði í afkomu félagsins á næsta ári. Erfitt er að sjá hvernig þær spár, sem eru sagðar grundvallast á auknum hliðartekjum, eigi að geta gengið eftir miðað við óbreyttar ytri aðstæður. Nauðsynlegt er því að treysta fjárhagsstöðu WOW air, en eigið fé þess var hverfandi um mitt þetta ár, með aðkomu nýrra fjárfesta í hluthafahópinn. Það þarf að gerast fyrr frekar en síðar. Skúli Mogensen, forstjóri og eini hluthafi félagsins, hefur sagst ætla að sækja sér um 22 til 33 milljarða í nýtt hlutafé með því að selja allt að helmingshlut í fyrirtækinu og skrá það á markað á næstu 12 til 18 mánuðum. Það má ekki seinna vera.

Þótt fjárhagsstaða íslensku flugfélaganna sé um margt ólík – hún er augljóslega sterkari í tilfelli Icelandair – þá er ljóst að fjárfestar hafa takmarkaða trú á því að stjórnendum Icelandair takist að rétta við gengi félagsins. Nú þegar WOW air hefur tekist að klára fjármögnun félagsins kann sú staða að vera komin upp að það er Icelandair sem situr uppi með heitu kartöfluna enda eru minni líkur núna á því að meðalfargjöld hækki á komandi ári. Flugfélagið hefur orðið undir í samkeppninni og þarf að leita allra leiða til hagræðingar eigi það að vera samkeppnisfært. Ákvörðun um að setja flugfreyjum afarkosti – að velja milli þess að vera í fullu starfi ellegar vera sagt upp störfum – í því skyni að ná niður launakostnaði er líklega aðeins fyrirheit um það sem koma skal. Miklu stærri og erfiðari ákvarðanir bíða stjórnenda félagsins. Að öðrum kosti er hætt við því að illa muni fara.

Staðan í hagkerfinu er þess vegna viðkvæm. Það er erfiður vetur í vændum, ekki aðeins sökum óvissu um rekstrarhorfur flugfélaganna, heldur ekki síður vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Niðurstaða þeirra viðræðna, verði hún á þá leið sem róttækustu verkalýðsleiðtogar landsins hafa kallað eftir, mun tryggja að væntingar um sjaldséða mjúka lendingu verða að engu. Á sama tíma og þessi efnahagsveruleiki blasir við hefur ríkisstjórnin ákveðið að blása til útgjaldaveislu og reka ríkissjóð með minnsta mögulega afgangi. Þær áætlanir ganga út frá því að ekkert geti mögulega farið úrskeiðis. Flestir vita hins vegar betur. Leyfi menn sér að vera bjartsýnir, þá er líklega í besta falli hægt að segja það eitt að það er alls ekkert víst að þetta klikki.

**Þá er líklega í besta falli hægt að segja það eitt að það er alls ekkert víst að þetta klikki.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Á réttu augnabliki**

**Dómsmálaráðherra lagði til við Alþingi í gær að endurupptökunefnd verði lögð niður og nýr dómstóll taki við, endurupptökudómstóll. Sambærilegt frumvarp var lagt fram á síðasta þingi og í ræðu um málið á Alþingi í gær sagði ráðherra að færa megi rök fyrir því að gildandi fyrirkomulag brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvalds og minnti á að á grundvelli stjórnarskrárinnar geti Hæstiréttur vísað frá máli sem endurupptökunefnd hafi ákveðið að taka upp á ný, hafi lagaskilyrði ekki verið uppfyllt.**

**... eins og Óli Jó**

**Í tæpan aldarfjórðung hefur verið barist fyrir endurupptöku umfangsmesta sakamáls Íslandssögunnar. Lögum hefur verið breytt og ógrynnis nýrra gagna aflað en Hæstiréttur hefur lengi þráast við. Eftir að loks var fallist á endurupptöku fór aðalmeðferð fram í Hæstarétti í síðustu viku. Jafnvel saksóknari sparaði ekki stóru orðin um þau réttarafglöp sem framin hefðu verið í málinu á sínum tíma. Nýs dóms er beðið, nema Hæstiréttur taki upp á því að vísa málinu frá. Ráðherra dómsmála lýsti sínu viðhorfi í gær, á undan Hæstarétti, líkt og Ólafur Jóhannesson gerði á sínum tíma.**

**adalheidur@frettabladid.is**

# Friðlýsingar á dagskrá



Guðmundur Ingi Guðbrandsson
umhverfis- og auðlindaráðherra

Náttúra Íslands er einstök og það er okkar að gæta að töfrum hennar. Eitt af því fyrsta sem ég gerði sem umhverfis- og auðlindaráðherra var að setja í gang vinnu við friðlýsingar með Umhverfisstofnun. Í síðustu viku litu dagsins ljós fyrstu tillögurnar að friðlýsingum í svokölluðum verndarflokki rammaáætlunar sem fjallar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Svæðin eru þrjú, öll á miðhálendinu og taka til ákveðinna hluta nokkurra vatnasviða: Hólmsár, Tungnaár, Jökulfalls og Hvítár í Árnessýslu.

Þessi svæði enduðu öll í verndarflokki rammaáætlunar með samþykkt Alþingis árið 2013, auk fleiri svæða sem fara út til kynningar á næstu vikum. Þessar friðlýsingar taka lögum samkvæmt til verndar gegn orkuvinnslu. Enn hafa þessi svæði ekki verið friðlýst og því er með þessu stigið merkilegt skref í sögu náttúruverndar á Íslandi.

**Átak í friðlýsingum**

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um sérstakt átak í friðlýsingum. Auk áðurnefndra friðlýsinga er um að ræða svæði á eldri náttúruverndaráætlunum sem Alþingi hefur einnig þegar samþykkt. Þá er ætlunin að beita friðlýsingum sem stjórntæki á viðkvæmum svæðum sem eru undir álagi ferðamanna. Í þessari vinnu verður lögð áhersla á að horfa til efnahagslegra þátta auk náttúruverndarinnar sjálfrar, en Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vinnur nú að rannsókn fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið á efnahagslegum áhrifum friðlýstra svæða á Íslandi.

Til eru margir flokkar friðlýsinga og mikilvægt að undirstrika að friðlýsingar geta verið margs konar. Flestir friðlýsingarflokkar leggja áherslu á að fólk geti notið útivistar og fræðslu, og á mörgum svæðum eru hefðbundnar nytjar leyfðar, svo framarlega sem þær ganga ekki á gæði náttúrunnar. Einn flokkur friðlýsinga fjallar sérstaklega um svæði í verndarflokki rammaáætlunar og skal friðlýsa slík svæði gagnvart orkuvinnslu. Það á við um þau svæði sem nú hafa verið send út til kynningar. Friðlýsingar eru því komnar ofarlega á dagskrá stjórnvalda.

**Með þessu er stigið merkilegt skref í sögu náttúruverndar á Íslandi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Einu sinni fyrir langa löngu …

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Þrátt fyrir hið botnlausa framboð afþreyingarefnis sem börnum stendur til boða, í gegnum síma, snjalltæki, tölvur og sjónvörp—þá er það víða ennþá svo að rödd Bessa Bjarnasonar, þar sem hann les gömul ævintýri (á Spotify), er ein áhrifaríkasta leiðin til þess að skapa kyrrð, ró, eftirtekt og eftirvæntingu meðal barna á öllum aldri. Bessi var auðvitað mikill listamaður og gat með sinni hljómfögru rödd og mátulegum galsa náð að fanga og halda athygli allra þeirra sem á hlýddu, hvort sem það voru börnin, pabbarnir—eða mömmurnar sem samt áttu víst að fá tækifæri til að sofa aðeins lengur á meðan Bessi snérist á plötuspilaranum.

**Sperrum eyru**

Að segja sögur; sannar, ýktar, lognar eða skáldaðar—mun hafa verið mikilvægur hluti af samskiptum milli mannfólks frá ómunatíð. Hæfileikinn til þess að binda röð af hugmyndum og staðreyndum saman í áhugaverða frásögn er mikilvægur eiginleiki mannskepnunnar, og þjónar nauðsynlegu hlutverki til þess að auðvelda okkur að skilja umheiminn og koma mikilvægum upplýsingum til skila milli kynslóða. Allt frá því við erum lítil börn erum við þjálfuð til að sperra eyrun, eins og hundur sem heyrir þrusk, þegar við heyrum orðin: „Einu sinni fyrir langa löngu …“

Sögurnar sem við segjum og heyrum breytast eftir því sem við eldumst og þroskumst. Það mætti þó segja að alla ævi getum við flokkað þær í grófum dráttum í tvennt. Annars vegar eru sögur afþreying og hins vegar geta þær talist til bókmennta. Þessi aðgreining á sér stað hvort sem um er að ræða sögur í bóka-, bíó-, sjónvarps- eða ljóðaformi; og þessi aðgreining á líka við óháð því hvort sögurnar eru ætlaðar börnum eða fullorðnum. Hvolpasveitin myndi til dæmis seint flokkast til bókmennta, þótt hún sé klárlega nær því heldur en Dóra landkönnuður.

Aðgreiningin á milli afþreyingar og bókmennta á vitaskuld líka við um sögurnar sem fullorðnir lesa, hlusta á eða horfa á. Flestar njósna- og spennusögur eru nánast hreinræktuð afþreying, á meðan sumar sjónvarpsseríur eru í raun margbrotin bókmenntaverk (t.d. Breaking Bad).

**Bókmenntir og afþreying**

Í gegnum ævina kynnumst við ótalmörgum sögum og söguhetjum, sem eiga uppruna sinn annaðhvort í vel heppnaðri afþreyingu eða alvarlegri bókmenntum. Sumar þessar sögur verða okkur eftirminnilegri og hjartfólgnari en aðrar; og sumar stoppa stutt við í meðvitund okkar á meðan aðrar taka sér þar ævilanga bólfestu og fylgja okkur alla daga. Sumar sögur tilheyra tilfinningum á vissu æviskeiði en virka kjánalegar þegar reynt er að lesa þær síðar, aðrar eldast illa, sumar reyndust ekkert merkilegar þegar maður loksins hafði þroska til að kafa undir yfirborð þeirra, og upp úr mörgum þeirra vex maður einfaldlega. Það eru til góðar bækur og vondar bækur, vönduð og vel heppnuð afþreying, tilgerðarlegar fagurbókmenntir og allt þar á milli.

Og við flokkum auðvitað bækur líka eftir því hvort þær eru ætlaðar börnum eða fullorðnum. En barnasögur skiptast fyrst og fremst í flokka eftir því hvort þær

> **Barnasögur sem fjalla um ást, tryggð, svik, ótta, dauða, hefnd, fyrirgefningu, átök, eftirsjá, söknuð og þrá eru einmitt þær sem endast lengst í minningunni.**

eru algjör afþreying eða geti talist bókmenntir. Og ef þær falla í síðari flokkinn, þá eru þær líka þess eðlis að fullorðnir geta notið þess að lesa þær alla tíð. Frábærar barnabækur eru í fyrsta lagi bókmenntir en í öðru lagi ætlaðar börnum.

Barnasögur sem fjalla um ást, tryggð, svik, ótta, dauða, hefnd, fyrirgefningu, átök, eftirsjá, söknuð og þrá eru einmitt þær sem endast lengst í minningunni. Börnin (og við hin) lærum eitthvað um sjálf okkur þegar söguhetjurnar þurfa að glíma við það besta og versta í sjálfum sér, þar sem þær þurfa að vega og meta hvernig þær bregðast við hættu, missi, freistingum, sigrum og ósigrum, sorg og gleði—þá erum við samferða þeim og skoðum um leið okkur sjálf.

Það er óþarfi að hlífa börnum of mikið við því hversu flókin blæbrigði mannlegra tilfinninga geta verið. Börn geta vel skilið að Ronja ræningjadóttir getur verið hugrökk og hrædd á sama tíma. Þau skilja líka að Matthías elskar dóttur sína þótt hann sé þrjóskur þurs og þykist ekki vilja tala við hana. Þau skilja líka að Ronja elskar pabba sinn þótt hún komist ekki hjá því að brjótast með offorsi úr kærleiksfangelsinu sem hann hafði byggt henni. Börnin skilja líka vel þá innri togstreitu sem Ronja glímir við þegar hún bjargar Birki Borkasyni, syni erkióvinar föður síns; og skilja þannig að stundum krefst það fórna að breyta rétt og standa með sjálfum sér—og að stundum getur verið stutt á milli skefjalausrar aðdáunar og fullkominnar fyrirlitningar.

Allar þessar stóru spurningar eru flóknari, ástríðufyllri og erfiðari heldur en það sem er boðið upp á í prinsessu- og ofurhetjuafþreyingarsúpunni á Netflix. Og í gegnum þessar spurningar, ástríður og tilfinningar verðum við smám saman að þroskaðri manneskjum.

**Góðar sögur, góðar manneskjur**

Það er nefnilega engin vitleysa að það sé gott fyrir okkur að lesa góðar bækur og hlusta á góðar sögur. Það er meira að segja búið að rannsaka það, reikna það og sanna það í Excel-skjölum. Fólk sem les bókmenntir þroskar með sér hæfileika til þess að setja sig í spor annarra. Það skilur heiminn betur. Vísindin segja það.

Þótt það sé gaman að sjá Súperman sigra Lex Luthor í þúsundasta skiptið þá eru það alvarlegu og margslungnu sögurnar, eins og Bróðir minn ljónshjarta, Litli prinsinn, Blái hnötturinn og Ronja ræningjadóttir—sem börn taka raunverulegu ástfóstri við. Og það er í gegnum þannig sögur sem við lærum og þroskumst.

Góðar sögur eru vitaskuld ekki bara alvarlegar, heldur líka góð afþreying—og þær þurfa ekki allar að vera ódauðleg meistaraverk til þess að þær séu þess virði að lesa, sjá og horfa. En óneitanlega batnar veröldin ögn í hvert sinn sem einhver sér eða les söguna um Ronju ræningjadóttur.



# ÞÚ ELDAR Á 20-30 MÍN. | 20 30 | MATUR FYRIR TVO Í HVERJUM KASSA




Tilboð gilda út 23. september

## SPENNANDI NÝJUNG

## 2030

Einfalt að elda ferskan mat á 20-30 mín.
Allt niðurskorið. Engin matarsóun.

verð frá **1.998** kr/ks

25% afsláttur




### Grandiosa pizzur

Matarmiklar og bragðgóðar pizzur

verð frá **509** kr/stk
Verð áður 679




### Fumagalli parmaskinka

Ítölsk gæðavara. Lífræna línan

**899** kr/pk

BAK ARÍ IÐ



### Steinbakað súrdeigsbrauð

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

**849** kr/stk

# *Meira* svona *alla daga*






**Bernaisesóur Hagkaups**

Benni #1 og Benni #2 chili

**429** kr/stk




**Kryddhúsið lambaveisla**

Gerir gott lamb betra

**499** kr/stk

ÍSLANDS LAMB

## LAMBAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

| Heilt lambalæri | Stutt lambalæri | Hryggur | Lambakonfekt | Lambafile |
|---|---|---|---|---|
| **1.499** kr/kg | **1.449** kr/kg | **2.399** kr/kg | **4.999** kr/kg | **5.099** kr/kg |

**25%** afsláttur




**Purusteik úr hrygg**

**1.424** kr/kg

Verð áður 1.899 kr/kg

**25%** afsláttur




**Fulleldað grísasnitzel**

**1.724** kr/kg

Verð áður 2.299 kr/kg

**15%** afsláttur




**Kryddhúsið**

Fagur fiskur

**499** kr/stk

**Laxasneiðar 500 g**

**1.147** kr/pk

Verð áður 1.349 kr/pk

## Tiger blandar sér í baráttuna um stigameistaratitilinn



**Aldrei útiloka Tiger** Einn besti kylfingur allra tíma, Tiger Woods, leiðir ásamt Rickie Fowler á fimm höggum undir pari í Atlanta á lokamóti ársins á PGA-mótaröðinni. Þrjátíu stigahæstu kylfingar ársins á PGA-mótaröðinni fengu þátttökurétt til að berjast um stigameistaratitilinn og um leið tíu milljóná dollara verðlaunaféð sem fylgir. Tiger bíður enn eftir fyrsta sigri ársins en hann spilar betur með hverjum hring. NORDICPHOTOS/GETTY



Guðlaugur Victor var öflugur í liði Zürich í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

## Leiddi liðið til sigurs á Kýpur

**FÓTBOLTI** Guðlaugur Victor Pálsson bar fyrirliðabandið hjá FC Zürich sem vann 1-0 sigur á AEK Larnaca á útivelli í Evrópudeildinni í gær.

Gestirnir frá Zürich komust yfir á Kýpur með marki af vítapunktinum á 61. mínútu leiksins. Missti Zürich mann af velli á 84. mínútu en stóðst síðbúið áhlaup Kýpverja. Guðlaugur Victor lék allan leikinn á miðjunni hjá Zürich og fékk gult spjald í leiknum.

Arnór Ingvi Traustason kom inn á af bekknum en gat ekki komið í veg fyrir tap Malmö gegn Genk í Belgíu. Byrjaði Arnór á bekknum og kom inn á í seinni hálfleik en náði ekki að snúa leiknum Malmö í hag.

Jón Guðni Fjóluson þurfti að fylgjast með af bekknum er liðsfélagar hans í Krasnodar unnu 1-0 sigur í Tyrklandi.

Þá þurftu Hannes Þór Halldórsson og Mattías Vilhjálmsson sömuleiðis að fylgjast með af bekknum í Evrópudeildinni í gær er lið þeirra, Qarabag og Rosenborg, þurftu að sætta sig við tap á útivöllum. – kpt

# Draumur manns að rætast þetta kvöld

**Arnór Sigurðsson varð á dögunum yngsti íslenski leikmaðurinn til að leika í Meistaradeild Evrópu með CSKA Moskvu. Þá voru rétt rúm tvö ár síðan hann lék síðasta leik sinn fyrir uppeldisfélagið ÍA á Akranesi.**





Arnór kemur boltanum fyrir markið í leik með U21 árs liði Íslands gegn Eistlandi á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Arnór Sigurðsson varð á þriðjudaginn 12. og jafnframt yngsti Íslendingurinn sem leikur í Meistaradeild Evrópu þegar hann kom inn á sem varamaður í 2-2 jafntefli CSKA Moskvu gegn Viktoria Plzen í Tékklandi. Var þetta eldskírn hans fyrir rússneska félagið eftir að sænska félagið Norrköping seldi hann fyrir met fjár í lok sumars.

Leið hans í sterkustu deild heims hefur verið ævintýri líkust og hefur hann tekið stór skref fram á við á stuttum tíma. Þegar hann kom inn á í Tékklandi voru aðeins rúm tvö ár liðin síðan hann lék síðasta leik sinn með ÍA í Pepsi-deildinni, eða 752 dagar.

Hafði hann ekki enn byrjað leik fyrir Skagamenn í efstu deild þegar tilboð kom frá Svíþjóð. Hálfu ári eftir að hafa byrjað sinn fyrsta leik í Svíþjóð var hann búinn að skrifa undir í Rússlandi.

Þjálfari CSKA, Viktor Goncharenko, var búinn að tilkynna Arnóri að hann kæmi líklega við sögu í Tékklandi og var hann því reiðubúinn þegar kallið kom.

„Þetta var auðvitað mögnuð tilfinning og draumur að rætast að spila í Meistaradeild Evrópu. Ég fékk að vita það fyrr um daginn að það væri mjög líklegt að ég kæmi við sögu í leiknum þannig að ég var búinn að undirbúa mig vel.“

Hann var ekki lengi að láta til sín taka, hann var spjaldaður strax á fyrstu sekúndunum fyrir að hafa fengið boltann í höndina á marklínu tékkneska liðsins. Hann var því ekki langt frá því að leika eftir afrek Diego Maradona strax í fyrsta leik.

„Þetta var eitthvert klafs á marklínunni og varnarmaðurinn ýtti við mér. Það hefði samt ekki verið leiðinlegt að skora mark með hendi guðs strax á fyrstu mínútunni fyrir nýja liðið,“ segir hann hlæjandi.

Arnór tekur undir að það sé í raun ótrúlegt hversu langt hann er kominn á stuttum tíma.

„Þetta hefur gerst svolítið hratt en ég reyni að læra og hef öðlast mikla reynslu á stuttum tíma. Ég byrja fyrstu leiki mína í Svíþjóð í maí,“ segir Arnór og heldur áfram:

„Ég sá það svo strax að CSKA var félag sem hentaði mér vel, þeir spila á ungum mönnum og eru í fremstu röð í Rússlandi. Hér fæ ég tækifæri til að bæta mig talsvert sem leikmaður.“

Fram undan eru afar spennandi leikir gegn Real Madrid og Roma í Meistaradeild Evrópu ásamt því að þeir leika gegn nágrannaliðunum tveimur, Lokomotiv og Spartak Moskva.

„Maður var fljótur niður á jörðina, það var flogið beint eftir leik aftur til Moskvu og við förum strax að huga að næsta leik. Það eru margir spennandi leikir fram undan og ég fæ vonandi tækifæri þar.“ sagði Arnór um komandi vikur.

kristinnpall@frettabladid.is

### Kristaltært dæmi um frábæra fyrirmynd

Gunnlaugur Jónsson, þáverandi þjálfari ÍA, gaf Arnóri fyrstu mínútur hans í efstu deild í lokaumferðinni árið 2015. Hann fékk stærra hlutverk og kom alls við sögu í níu leikjum ári síðar undir stjórn Gunnlaugs áður en hann hélt út.

„Þetta er alveg ótrúlegt, maður vissi það að Arnór myndi ná langt en ég átti kannski ekki von á því að þetta myndi gerast svona hratt. Hann hafði allt sem þurfti til að fara út í atvinnumennsku og það var eftirtektarvert hversu gott hugarfar hans var. Það er í raun synd þegar litið er til baka að hann hafi ekki byrjað leik í Pepsi-deildinni,“ segir Gunnlaugur um Arnór sem kom sjö sinnum inn af bekknum í efstu deild og byrjaði tvo leiki í bikarnum.

„Hann virtist alltaf stíga upp eftir því sem kröfurnar urðu meiri, hann hefur þann eiginleika og er ofboðslega metnaðargjarn. Hann fékk gott uppeldi frá foreldrum sínum sem voru bæði í fótbolta og er að uppskera eftir því,“ segir Gunnlaugur sem segir Arnór geta verið góða fyrirmynd fyrir unga leikmenn.

„Hann er kristaltært dæmi um frábæra fyrirmynd sem ungir leikmenn geta horft til og ég er viss um að tækifærið með landsliðinu er ekki langt undan. Ef hann heldur áfram að taka þessi stóru skref fram á við er varla langt í að hann fái tækifæri.“

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 21. SEPTEMBER 2018



# Ást við fyrstu sýn

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur misst 30 kíló á sjö mánuðum. Hann segist vera feiminn nörd sem vill aftur verða forsætisráðherra.

→2

ENZYMEDICA®

Meltu betur!






TANTE MOTTA
170X240 / KR. 56.300
200X300 / KR. 83.900

RAVI MOTTA



170X240 / KR. 116.900

RUGGED MOTTA



170X240 / KR. 49.900
200X300 / KR. 71.900

MAGIC MOTTA



160X230 / KR. 65.600
200X290 / KR. 94.500

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Framhald af forsíðu ➜

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég hef misst 30 kíló síðan í febrúar," segir Sigmundur Davíð sem er 190 sentimetrar á hæð og vó 127,4 kíló í fyrstu vigtun átaksins. „Ég verð orðinn góður eftir tíu kíló enn en þá þyrfti ég að fara niður í 87,4 kíló. Ég læt kannski gott heita þegar ég verð orðinn 90 kíló," segir hann kátur með árangurinn sem hann skrifar á breytt hugarfar.

„Ég ákvað að hætta að borða bara til þess að borða. Ég átti það til í dagsins önn og miklu stressi að hrúga ofan í mig þeim mun meiri mat og í þessu starfi eru mýmörg tækifæri til að borða. Það eru fundir og viðburðir og svo er mjög gott mötuneyti í þinginu. Ég sneri því hugarfarinu við og í stað þess að líta á mat sem hápunkt dagsins fór ég yfir í að líta á mat sem kvöð og borða helst ekki nema ég neyðist til þess vegna svengdar. Það er auðvitað að stefna sem getur farið út í öfgar en hefur reynst ágætlega í mínu tilviki og þegar árangurinn fór að sjást hætti ég að vilja svindla," segir Sigmundur sem hefur lengi ætlað að taka sér tak í heilsuræktinni.

„Ég er náttúrlega mjög ánægður með að þetta skuli loks vera að takast en þegar maður ákveður með sjálfum sér að láta ekkert stoppa sig verða freistingarnar minni. Áður borðaði ég talsvert af óhollum mat og skyndibita; hamborgurum, samlokum og pasta, og kolvetnaríkur matur var uppáhaldið mitt. En nú vel ég hollari kost og meira af prótíni í stað þess að hrúga spagettí þrisvar á diskinn og borða endalaust af brauði," segir Sigmundur sem einu sinni fékk á sig orð fyrir að standa í tertuáti í stað þess að sitja í þingsal.

„Það kaldhæðnislega við það var að ég hef aldrei verið afkastamikill í kökum eða sætindum. Ég var því ekki að borða köku í þessu tilviki heldur að skoða kökurnar," segir hann og hlær.

## Sleppir morgunmatnum

Sigmundur finnur mikinn mun á sér eftir að hann varð léttari á sér.

„Þetta fór nokkuð hratt af stað. Ég fór í World Class þrisvar í viku til að byrja með en svo fór þjálfarinn minn, Baldur Borgþórsson, sjálfur í pólitíkina og mátti ekki vera að því að þjálfa mig lengur. Við stefnum að því að byrja aftur í haust en mér fannst gott aðhald að byrja daginn í ræktinni því þá vill maður síður eyðileggja daginn með óhollustu. Orka og úthald hefur svo tvímælalaust aukist og allt í daglega lífinu er orðið auðveldara. Það þrengir ekki eins að manni," segir Sigmundur sem mestmegnis lyfti lóðum í átakinu.

„Ég gerði mikið af því að ganga og hlaupa í eina tíð en svo datt það upp fyrir. Nú stendur til að bæta við daglegum gönguferðum með hundinn en þar hef ég ekki staðið mína plikt og frúin séð um hvutta. Við eigum lítinn, hvítan, loðinn og stórskemmtilegan West Highland Terrier-hund en gallinn við þá tegund er hvað hún geltir mikið. Ég hef ekki enn fengið kvartanir frá nágrönnunum en reyni að draga hann inn þegar verst lætur."

Áður um helgar vildi Sigmundur helst fá pönnukökur í morgunmat.

„Nú sleppi ég oftast morgunmatnum þótt mér finnist gott að fá mér egg og beikon um helgar. Ég veit að manni er sagt að borða hollan morgunmat en svo ég sé hreinskilinn hefur þessu verið öfugt háttað hjá mér vegna þess að ég borða ekki fyrr en ég neyðist til þess. Fyrir vikið borða ég meira seinna um daginn og að vita að



Til árangurs hætti Sigmundur Davíð að líta á matartímana sem hápunkt dagsins og frekar sem kvöð. MYNDIR/EYÞÓR

> **Ég veit ekki hvað ég á að hafa eignast mörg börn hér og þar um landið en þess háttar kjaftasögur eru mér ekki *áhyggjuefni.***

maður eigi það inni gerir daginn auðveldari. Það er hins vegar rétt að það tekur um þrjár vikur að venja sig af óhollustunni og þá er helst þegar ég sé girnilegt brauð eða kartöflur að ég eigi bágt með mig. Þess vegna hef ég þá reglu að borða eingöngu íslenskar kartöflur og helst úr kjördæminu."

Samhliða baráttu við kílóin hóf Sigmundur að safna skeggi.

„Skeggið er orðið mjög umdeilt, bæði í flokknum og fjölskyldunni, og ég kominn í vandræði. Þegar ég byrjaði í átakinu ákvað ég að raka ekki skeggið fyrr en ég væri kominn undir hundrað kíló en þegar sá árangur náðist ákvað ég að snyrta það frekar og bíða með að raka það þar til ég yrði 95 kíló. Nú skiptast menn í tvær harðar skeggfylkingar, sumir með og aðrir á móti, en sjálfur geri ég ekki ráð fyrir að vera með skegg til frambúðar. Fyrir safnara eins og mig hefur þó verið gaman að safna skeggi og ég veit að nokkrir á vinnustaðnum verða ekki kátir ef ég raka af mér skeggið þegar ég verð 95 kíló, á meðan aðrir gleðjast. Það er ekki hægt að gera öllum til hæfis, frekar en í pólitíkinni, en konan er nú mitt á milli. Hún var mjög ósátt þegar skeggið óx ósnyrt en er held ég sáttari eftir að ég snyrti það."

## Vill verða forsætisráðherra

Sigmundur er borinn og barnfæddur Breiðhyltingur.

„Móðir mín segir að þegar ég var fimm ára hafi mig langað að verða forsætisráðherra. Síðan hætti ég við að fara í pólitík og hætti svo við að hætta við. Mig langaði lengi að læra eðlisfræði og verða slökkviliðsmaður en skráði mig í umhverfisverkfræði við HÍ og skipti um braut vegna þess að mér fannst kennsluaðstaðan svo leiðinleg. Ef ég færi núna í nám yrði það verkfræði. Ég er heillaður af því hvernig hlutirnir virka svo ég tali nú ekki um að hanna hluti og búa þá til," segir Sigmundur sem er listrænn í sér og hefur gert talsvert af því að mála myndir.

„Mér hefur alltaf þótt gaman að teikna og fer oftast ósjálfrátt að krota og teikna á fundum, til dæmis mannvirki, brýr, hús, flugvélar og landakort."

Draumur drengsins Sigmundar um að verða forsætisráðherra rættist og þegar litið er um öxl segist Sigmundur vera ánægðastur með stóru efnahagsmálin og haftamálin.

„Hægt er að færa mjög góð rök fyrir því að stóru aðgerðirnar í efnahagsmálum, skuldamálum, haftalosunin og stöðugleikaframlögin hafi gjörbreytt öllum efnahagslegum forsendum á Íslandi. Ég er mjög feginn að það skyldi klárast að því marki sem það gerði. Fyrir vikið kom Ísland vel undan hruninu og hefur verið öðrum til eftirbreytni. Ég hefði þó viljað og talið mikilvægt að klára málin á þann hátt sem var lagt upp með. Svo varð ekki. Mál eins og gjaldeyrisútboðin, Arion banki og fleira, þar sem tekin var algjör u-beygja. Ég sé líka mikið eftir skipulagsmálum sem ekki náðu að klárast eins og við Hafnartorg þar sem búið var að semja við fasteignafélagið sem byggði það upp um að gjörbreyta hönnuninni. Í ráðuneytinu var byrjuð vinna í því sem hefði verið góð viðbót við miðbæinn og mikil bæjarprýði, en það datt upp fyrir og er nú orðið of seint. Ég sýti líka ýmis byggðamál og sérstaklega kjör eldri borgara og öryrkja sem var persónulegt mál því ég hafði sjálfur, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, lofað svo mörgu fólki að rétta hlut þess þegar búið væri að snúa við efnahagsstöðunni."

Sigmundur svarar því játandi að vilja aftur verða forsætisráðherra.

„Já, auðvitað. Maður væri ekki í stjórnmálum nema af því að vilja hafa áhrif, og þrátt fyrir að menn séu ekki einráðir er staða forsætisráðherra einna best til að hafa áhrif í stjórnmálum."

## Þakklátur hvatningu fólks

Sigmundur dró sig í hlé frá stjórnmálum eftir að hann steig úr embætti forsætisráðherra 2016.

„Ég hef aldrei, frá því ég byrjaði í stjórnmálum, fengið eins mikla hvatningu og eftir að ég steig til hliðar sem forsætisráðherra. Að miklu leyti var það frá fólki úti í bæ og ég ýki það ekki að ég fór ekki úr húsi, út í búð eða á meðal fólks, án þess að til mín kæmu nokkrir til að hvetja mig til dáða. Mér fannst mjög hvetjandi að finna það og það skipti gríðarlegu máli. Mér fannst líka merkilegt að hvatningin kom mikið frá fólki sem var ekki endilega Framsóknarmenn og kannski voru mestu vonbrigðin í þessu öllu að upplifa muninn á því hvernig þetta góða fólk hvatti mig til dáða á sama tíma og sumir flokksfélagar sáu þetta fyrst og fremst sem tækifæri til að stíga einu þrepi ofar. En þegar maður er búinn að standa í ströngu skiptir mann vitaskuld miklu að finna svo mikinn stuðning þegar kemur að því að halda baráttunni áfram og er ég mjög þakklátur öllu þessu fólki."

Í mörgum tilvikum segist Sigmundur eflaust vera misskilinn.

„Það er tvennt sem kemur þar á óvart. Það er hvað sumir virðast hafa allt aðrar hugmyndir um hver maður er en maður kannast við sjálfur, en líka lendir maður stundum í einhverjum sem virðist átta sig betur á manni en maður sjálfur. Ég hef oft orðið hissa á því hvaða mynd sumir hafa af mér, en hafandi orðið hissa á því verður maður hissa á hinu líka."

Hann segist hættur að fylgjast með kjaftasögum og að þær fari ekki lengur í taugarnar á honum.

„Pólitík er í eðli sínu kjaftafag og fyrir vikið breiðast út alls kyns kjaftasögur. Ég veit til dæmis ekki hvað ég á að hafa eignast mörg börn hér og þar um landið, en þess háttar slúður er mér ekki áhyggjuefni og ég held að konan mín og fjölskylda viti hvernig þannig sögur fara af stað. Verst þykir mér þó þegar reynt er að koma höggi á mig í gegnum mína nánustu."

## Feimið og hlédrægt nörd

Sigmundur býr nú í Garðabæ ásamt eiginkonu sinni, Önnu Sigurlaugu Pálsdóttur, og sex ára dóttur þeirra hjóna sem hóf skólagöngu í Flataskóla í haust.

„Ég vona að ég sé sæmilega skemmtilegur pabbi. Gallinn er að maður er ekki nógu oft til staðar en ég hef aðeins bætt mig hvað það varðar. Við gerum ótal margt skemmtilegt saman og erum nú farin að tefla af kappi daglega eftir heimalærdóminn. Mér finnst gaman að skynja áhuga dóttur minnar á að gera hlutina með mér, hvort sem það er að teikna, föndra eða tefla og maður fær þá smá útrás sjálfur í leiðinni," segir Sigmundur glaður. „Ég á síður von á að hvetja hana til að fara í stjórnmál og held að stjórnmálamenn geri það almennt ekki. Börnin þurfa að minnsta kosti að komast sjálf að þeirri niðurstöðu."

Beðinn um að lýsa sínum innri manni svarar Sigmundur:

„Ég verð að viðurkenna að vera svolítið nörd og sumir myndu segja allmikið nörd. Ég er ákafur í verkefnum sem ég tel vera mikilvæg og reyni að fylgja þeim vel eftir. Sumum finnst ég eflaust fullharður í því en ég reyni alltaf að fara ekki í menn persónulega að fyrra bragði heldur halda mig við það pólitíska. Ég er líka feiminn maður á mann, en ekki þegar ég þarf að halda ræðu og tala í sjónvarpi. Ég er feiminn við fólk þegar ég er að kynnast því og hlédrægur að eðlisfari. Þannig vil ég ekki að aðrir upplifi að ég sé að trana mér fram en þó er raunin líklega sú að fólk túlkar hlédrægnina stundum á þann veg að ég sinni því ekki að tala við það þegar ég í raun hefði viljað nálgast viðkomandi. En ég hef yndi af því að tala við fólk og tek því fagnandi þegar fólk gefur sig á tal við mig að fyrra bragði þótt ég eigi sjálfur erfitt með að taka fyrsta skrefið."

Sigmundur átti þess engan kost að vera feiminn þegar hann kynntist eiginkonu sinni í gamlárspartíi hjá sameiginlegri vinkonu þeirra um áramótin 2001/2002.

„Það var ást við fyrstu sýn þótt sambandið hafi ekki farið formlega af stað fyrr en hálfum öðrum mánuði síðar, þegar ég bauð henni í bíó 22.2. 2002. Dagsetningin var reyndar tilviljun en það er skemmtilegt að halda henni til haga og þegar við giftum okkur var það 10.10.10," segir Sigmundur og er ekki í vafa um hvers vegna Anna Sigurlaug er sú eina rétta.

„Mér finnst hún heillandi á allan hátt og eftir bíóferðina hittumst við daglega og höfum gert nokkurn veginn síðan, utan þess tíma þegar ég var úti í námi. Þá var þetta sms-samband þar til hún flutti út til mín. Það þýðir svo ekkert að spyrja mig um hvaða bíómynd við sáum enda var ég ekkert að spá í það," segir hann og hlær.

Sigmundur er ötull safnari og sagðist safna servéttum í viðtali við Fréttablaðið 2011. Því var auðvitað slegið upp í fyrirsögn.

„Ég neyðist til að safna servéttum því fólk er enn að gefa mér servéttur," segir hann hlæjandi.

„Ég safna líka ýmsu og finnst ekkert eins slakandi og að raða frímerkjum eða mynt. Ég hef stundum hirt sérmerktar servéttur og tók vitaskuld eina og eina servéttu sem forsætisráðherra í forseta- og konungaveislum. Ég held því öllu til haga, matseðlum og merkimiðum, enda sögulegar heimildir. Afi minn gerði þetta líka. Ég vil halda utan um söguna en neyðist þess að ég er svo óskipulagður er það allt á miðum. Ég er alltaf með fulla vasa af miðum og á í kössum ótal minnisbækur og dagbækur en mestmegnis lausa miða sem ég þarf að raða í tímatölu þegar færi gefst."

Lengri útgáfa af greininni er á **frettabladid.is**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,




# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

## - mikið úrval aukahluta

Frá
139.000,-
m/vsk

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra akstureiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmöguleika kerrunnar.



Frá
389.000,-
m/vsk



### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

Frá
1.069.000,-
m/vsk



### Söluaðilar Motormax:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Toyota Kauptúni** | **Toyota Akureyri** | **Toyota Reykjanesbæ** | **Toyota Selfossi** |
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | 603 Akureyri | 260 Reykjanesbær | 800 Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími 460-4300 | Sími 420-6600 | Sími 480-8000 |
| **TOPPBÍLAR** | **KRAFTVÉLAR** | **Kaupfélag Skagfirðinga** | **N1** |
| Kletthálsi 2 | Dalvegi 6-8 | Ártorgi 1 | Klettagörðum 13 |
| 110 Reykjavík | 201 Kópavogur | 550 Sauðárkrókur | 104 Reykjavík |
| Sími 587-2000 | Sími 535-3500 | Sími 455-4500 | Sími 440-1243 |

MotorMax

**Motormax ehf.**
**Vatnagörðum 12**
**Sími: 545 4040**

# Spaugileg hlið á erfiðu máli

**Valgerður Rúnarsdóttir, dansari og danshöfundur, bregður sér í hlutverk fréttakonu í leikritinu Svartlyng sem leikfélagið GRAL frumsýnir í Tjarnarbíói í kvöld. Fjallað er um frægt mál í verkinu.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Valgerður er þekktust sem dansari og danshöfundur en það er ekki á hverjum degi sem hún kemur fram í hefðbundnu textaleikhúsi. Hún dansar um þessar mundir í leikverkinu Rocky Horror í Borgarleikhúsinu en hún hefur starfað um árabil sem dansari víðsvegar í Evrópu og með Íslenska dansflokknum. Leikfélagið GRAL hefur áður sett upp fimm leiksýningar sem vakið hafa athygli en Valgerður hefur ekki starfað með félaginu áður. „Þetta er búið að vera alveg sérlega skemmtileg reynsla þar sem þessi hópur er eins og góð fjölskylda. Ótrúlega samheldinn hópur,“ segir hún.

Svartlyng er sótsvartur gamanleikur sem Guðmundur Brynjólfsson skrifar eftir hugmyndum frá leikstjóra verksins, Bergi Ingólfssyni. Hugmyndin að verkinu spratt upp eftir umræðuna sem skapaðist í þjóðfélaginu fyrir ári um uppreist æru og #höfum hátt byltinguna. „Þetta er rammpólitískt verk sem sýnir hversu þungt og flókið en samt spaugilegt hið opinbera kerfi getur verið,“ segir Valgerður. Spilling kemur við sögu, segir í lýsingu á verkinu, en til að tryggja að hún nái ekki að brjótast upp á yfirborðið verða hausar og hendur að fjúka því Svartlyng-ættin passar upp á sitt … en ekki sína. Sprenghlægilegur farsi en blóðugur.



Þór Tulinius, Benedikt Karl Gröndal, Sólveig Guðmundsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Valgerður Rúnarsdóttir í hlutverkum sínum.

> Rammpólitískt verk sem sýnir hversu þungt og flókið en samt spaugilegt hið opinbera kerfi getur verið.

Valgerður segir að sú lýsing sé rétt. Það geti verið margar spaugilegar hliðar á máli sem annars er með mjög alvarlegan undirtón. „Við erum búin að vera á ströngum æfingum undanfarið en nú er allt að smella saman. Það getur auðvitað allt gerst fram á síðustu stundu og lausir endar sem þarf að hnýta. Áhorfendur hafa verið á síðustu sýningum og hafa sýnt mjög góð viðbrögð. Á einni sýningunni var nær eingöngu ungt fólk sem tók verkinu ákaflega vel. Ég hugsa að leikritið höfði til breiðs hóps áhorfenda. Við erum sex á sviðinu en það eru fyrir utan mig Sveinn Ólafur Gunnarsson, Sólveig Guðmundsdóttir, Benedikt Karl Gröndal, Þór Tulinius og Ragnheiður Eyja Ólafsdóttir.

Ég kom inn í þetta verkefni til að sjá um sviðshreyfingar og tók að mér lítið hlutverk fréttakonu. Þetta hefur verið jákvætt og gefandi ferli. Ég held ég hafi sjaldan lent í jafn árekstralausu æfingaferli eins og þessu,“ segir hún. „Leikstjórinn heldur vel utan um hópinn og skapar gott andrúmsloft á æfingum. Við fjöllum um erfið og viðkvæm mál en gerum það á vandaðan en kómískan hátt,“ bætir hún við.

Valgerður segir að það sé gaman að upplifa eitthvað nýtt á sviðinu. Hún sé ekki vön að flytja einungis texta á sviði. „Hópurinn tók mér opnum örmum og það er yndislegt að vinna með honum. Það er ágætis tilbreyting að köfsvitna ekki á sviðinu eins og maður gerir oftast í dansuppfærslum.“



# Ljós & lampar

FÖSTUDAGUR 21. SEPTEMBER 2018

Kynningar: Bauhaus, Elko, Flúrlampar




Sindri Snær Thorlacius hjá ELKO segir að þar sé hægt að fá nýtískuleg ljós fyrir allar mögulegar þarfir heimilisins og allt sem þarf til að gera heimilið að snjallheimili. MYND/ANTON BRINK

# Nýjasta tækni í lýsingu fæst í ELKO

Í ELKO fást ljós fyrir allar þarfir heimilisins. Þar fást meðal annars snjallljósakerfi sem hafa ótrúlega marga möguleika og er hægt að stjórna með snjalltæki og allar mögulegar gerðir af LED ljósum. →2



Með því að tengja Philips Hue perurnar við Philips sjónvarp er hægt að láta myndina í sjónvarpinu stjórna lýsingunni á heimilinu.



Philips Hue perurnar bjóða upp á ótrúlega fjölbreytta möguleika í lýsingu heimilisins. MYND/ANTON BRINK



Í ELKO fást ný snjöll útiljós frá Philips Hue sem henta við ýmsar aðstæður.




ELKO selur meðal annars LED perur með gamaldags útliti sem gefa mjög hlýja birtu. MYND/ANTONBRINK

ELKO býður upp á alla nýjustu tækni í lýsingu. Þar er hægt að fá ljósaperur sem hægt er að stjórna með snjalltæki, græjur sem gera þér kleift að stjórna lýsingunni heima með munnlegum skipunum og gríðarlegt úrval LED ljósa sem henta fyrir alls kyns þarfir.

„Það vantar ekkert upp á úrvalið hjá okkur,“ segir Sindri Snær Thorlacius, vörustjóri hjá ELKO. „En ég held að fólk viti ekki af öllum möguleikunum sem eru í boði hjá okkur.“

## Snjallheimili eru að taka við

„Aðaláherslan hjá okkur er á það sem við köllum snjallheimilið og sérstaklega Philips Hue snjallljósakerfin, sem hafa ótrúlega marga möguleika,“ segir Sindri. „Við eigum svona perur fyrir öll helstu perustæði, þannig að fólk getur bara skipt út perunum heima, en við erum líka með Philips Hue LED borða og lampa. Núna erum við líka að fá inn rosalega skemmtileg og falleg loftljós í nokkrum gerðum og tvær gerðir af útiljósum, bæði fyrir göngustíga, innkeyrslur og garða og líka fyrir veggi.

Svo ertu bara með heimastöð sem tengist inn á netið heima hjá þér og þaðan stýrirðu öllu í gegnum smáforrit í símanum,“ segir Sindri. „Við köllum þetta snjallheimilið af því að nú er hægt að stýra allri lýsingunni heima við með snjalltæki.

Þú getur meira að segja líka tengt Philips Hue perurnar við Philips sjónvörp, en mörg þeirra hafa svokallað Ambilight, LED ljós aftan á sjónvarpinu sem varpar birtu í samræmi við myndina á skjánum á vegginn fyrir aftan það. Þetta er eins og það sé búið að stækka skjáinn aðeins,“ segir Sindri. „Ef þú tengir Philips Hue perurnar við sjónvarpið geturðu látið það sem er í sjónvarpinu stjórna lýsingunni í öllu herberginu eða jafnvel allri íbúðinni. Þú getur líka spilað tónlist í sjónvarpinu og látið hana stjórna lýsingunni.

Svo er hægt að fá alls kyns aukahluti, eins og fjarstýringu sem festist við vegg með segli og er hægt að nota til að stilla öll ljós,“ segir Sindri.

Snjallheimilið er sannarlega á næsta leiti, því það er líka hægt að stjórna lýsingunni heima með munnlegum skipunum. „Bæði Amazon og Google hafa verið að þróa gagnvirka hátalara og önnur tæki sem þú talar við. Það er hægt að tala við þessar græjur á ensku og skipa þeim til dæmis að slökkva ljósin í eldhúsinu eða hækka birtustigið í stofunni,“ segir Sindri. „Því miður er þetta ekki enn komið á íslensku, en það er sterkur orðrómur um að íslensk þýðing sé væntanleg.“

## Mikið úrval LED ljósa

„Það eru nokkur ár síðan sparperurnar tóku við af glóðarperunum og við höfum boðið upp á tvær gerðir af þeim. Halogenperurnar hafa verið ódýrari kosturinn, en LED perur dýrari. En LED perur verða sífellt ódýrari og eru hagkvæmari fyrir alla, þannig að við höfum ákveðið að hætta að selja halogenperur,“ segir Sindri. „LED perurnar eru aðeins dýrari í innkaupum en endast lengur og nota minna rafmagn. Evrópusambandið var einmitt að banna sölu á halogenperum af sömu ástæðu.




Sindri Snær, vörustjóri ELKO, segir að ELKO hafi bætt við mörgum skemmtilegum ljósum nýlega. MYND/ANTON BRINK

Margir vita kannski ekki að það er hægt að setja upp LED borða, sem er mjög hagkvæm lausn. Ég var til dæmis sjálfur að leigja íbúð sem var með dimman gang og setti bara fimm metra LED borða upp í loftið. Það er miklu minna mál en að setja upp ljós,“ segir Sindri. „Ég límdi þetta bara á bita í loftinu og stakk þessu í samband í fjöltengi og þá varð allur gangurinn bjartur. Stofnkostnaðurinn við þessi ljós er hærri en hefðbundnar ljósaperur, en þetta gefur mjög mikla lýsingu, sparar vinnu og fyrirhöfn og það þarf ekki að leggja rafmagn fyrir þetta, þannig að þetta er þægileg, hagkvæm og falleg lausn.

Svo erum við með mjög flotta LED skrifborðslampa sem endast gríðarlega vel,“ segir Sindri. „Maður getur stýrt þeim og flestir hafa bæði mismunandi styrkleika og litbrigði, þannig að það er hægt að fá annað hvort hlýja eða kalda lýsingu.

Við erum líka með stækkunarglerslampa í tveimur stærðum, annars vegar á armi og hins vegar borðlampa,“ segir Sindri. „Þetta er stækkunargler en hringinn í kringum það er LED ljósapera. Þetta er bæði gagnlegt fyrir fólk sem er í nákvæmnisvinnu og þá sem sjá illa.

Við bjóðum einnig upp á LED perur með gamaldags útliti sem gefa mjög hlýja birtu. Maður sér svona lýsingu mikið á veitingastöðum, því hún skapar mjög huggulega stemningu,“ segir Sindri. „Ef fólk langar að hafa svona hlýja og fallegu birtu og flotta peru heima hjá sér þá erum við með nokkrar stærðir. Þetta er flottur valkostur sem ég held að margir viti ekki að sé í boði.“

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is



Taktu stjórnina!
NYMÅNE kastari
4.990,-
Kynntu þér IKEA ljósastýringu
Veldu lýsingu fyrir morgnana, aðra fyrir kvöldin og þá þriðju fyrir matreiðsluna eða heimavinnuna. Deyfðu, slökktu, kveiktu og skiptu úr heitri yfir í kalda birtu með fjarstýringunni eða appinu.
VITEMÖLLA veggljós
3.690,-
TRÅDFRI gátt
4.490,-
Nánari upplýsingar um ljósastýringu IKEA má finna á IKEA.is.
© Inter IKEA Systems B.V. 2018
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - IKEA.is
IKEA



Fallegar skrautperur og ljós auk mikils úrvals af hefðbundnum perum.



Fallegar perur frá Daylight Italia sem Flúrlampar hafa umboð fyrir. Mikið af flottum nýjungum koma frá þeim fyrir jólin.



Kubbaljósin vinsælu hafa verið framleidd í mörg ár við miklar vinsældir. Starfsmenn Flúrlampa sérsmíða líka kubbaljósin t.d í gráðum í hallandi loft, í mismunandi stærðum og í björtum og fallegum litum.

# Frábært úrval af ljósavörum

Á síðasta ári flutti Flúrlampar ehf., einn elsti lampaframleiðandi landsins, í nýtt húsnæði í Hafnarfirði. Fyrirtækið selur gott úrval af ljósum og lömpum auk þess að bjóða upp á ljósastýringar og úrval af perum og LED vörum. Aðalstarfsemin snýr þó að framleiðslu á lömpum og annarri sérsmíði.

Flúrlampar ehf., sem er einn elsti lampaframleiðandi landsins, flutti á síðasta ári í nýtt húsnæði að Reykjavíkurvegi 66 í Hafnarfirði. Við flutninginn jókst vöruúrvalið til muna enda er nýja húsnæðið sérstaklega vel heppnað fyrir verslun með ljós og lýsingarvörur að sögn Elmu Bjarkar Júlíusdóttur innkaupastjóra. „Aðalstarfsemi okkar er þó enn framleiðsla á lömpum og annarri sérsmíði. Hún fer yfirleitt fram í samstarfi við hönnuði eða arkitekta sem eru með vissa sýn á hvernig lýsingin á að vera. Í sameiningu finnum við bestu lausnina sem við svo smíðum og útfærum. Auk þess bjóðum við upp á DALI ljósastýringar auk heildsölu og smásölu á perum, LED vörum ýmiss konar og flestu öðru er snýr að lýsingu."

## Vinsælar skrautperur

Ýmiss konar ljós og lampar eru vinsæl um þessar mundir, að sögn Elmu, en skrautperurnar úr blásnu óreglulegu gleri eru sérstaklega vinsælar núna. „Þá er hægt er að velja snúruna, fatninguna og rósettuna og jafnvel hafa margar saman og raða þeim eins og manni dettur í hug. Perurnar eru mikið stáss og gefa afar fallega birtu. Innfelldir LED kastarar eru einnig vinsælir og margir eru að skipta út gömlu halogenkösturunum því það verður alltaf erfiðara og erfiðara að fá íhluti í þá eins og perur og spenna. Við erum líka mikið að breyta eldri lömpum í LED lampa sem er góður kostur fyrir þá sem eiga flott ljós en vilja breyta um ljósgjafa. Þá notum við hágæða LED sem er samkvæmt Zhaga-staðli sem allir helstu framleiðendur í heimi fara eftir."



Elma Björk Júlíusdóttir, innkaupastjóri Flúrlampa. MYNDIR/ANTON BRINK

## Öflug viðgerðarþjónusta

Fyrir utan ljósastýringar og sérsmíðina bjóða Flúrlampar upp á flest annað sem tengist lýsingu. „Það má t.d. nefna ballestar, LED spenna, víra, fatningar, perur, kastara, rakaþétta lampa, LED borða, álprófíla, birtu- og hreyfiskynjara og svo mætti lengi telja. Einnig má nefna að við höfum mjög öfluga viðgerðarþjónustu á lömpum og fáum til okkar alls konar gullmola sem annars færu í glatkistuna."

Nánari upplýsingar má finna á www.lampar.is.

lampar.is
FLÚRLAMPAR ehf.

„Aðalstarfsemi okkar er þó enn framleiðsla á lömpum og annarri sérsmíði. Hún fer yfirleitt fram í samstarfi við hönnuði eða arkitekta sem eru með vissa sýn á hvernig lýsingin á að vera.

Elma Björk Júlíusdóttir





Tækniþjónusta, viðgerðir og ráðgjöf. Starfsmenn Flúrlampa búa yfir áratuga reynsla. Engin vandamál, bara lausnir.


ILVA
LJÓSADAGAR
30-50%
AF ÖLLUM LJÓSUM
30% AF PERUM OG KERTUM
©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta augljósar villur.
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
Netgíró
VALITOR
FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# Lýstu upp Mílanó

**Á hönnunarvikunni sem haldin var í Mílanó síðastliðið vor voru frumsýnd fjölmörg falleg ljós og lampar. Hönnunartímaritið Dezeen valdi nokkur þeirra ljósa sem þóttu standa upp úr á sýningunni. Flest ljósanna voru til sýnis á húsgagnasýningunni frægu Salone del Mobile.**



**Ljósaskúlptúr** Filamento er ílangur ljósaskúlptur eftir Mayice hönnunarstúdíóið í Madrid. Ljósið er ein löng glerpípa sem glóðarþráður liggur í gegnum.


## Stækkunarglerslampar



kr. 39.990,-



kr. 14.990,-



kr. 19.900,-

Vandaðir stækkunarglerslampar í föndur og fína vinnu. Góð birta.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is





LÝSING & HÖNNUN

Skipholt 35 5880506 lysingoghonnun.is




**Yfir og undir** Padirac er tvískipt ljós eftir Eric Schmitt. Annar hluti ljóssins er standlampi og hinn ljósakróna. Saman mynda ljósin eina heild en þau geta einnig staðið ein og sér.



**Bláa höndin** Luzy Take Five er allsérstakur lampi eftir þýska hönnuðinn Ingo Maurer. Lampinn er úr kóngabláum plasthanska með ljósaperu á hverjum fingri.



**Morgunsól** Xi-lampanum frá kínverska hönnunarstúdíóinu Neri&Hu er ætlað að líkja eftir mjúkri morgunbirtu frá sólinni og örugglega gott að kveikja á því á dimmum vetrarmorgnum. Framleiðandi er ítalska fyrirtækið Poltrona Frau.



**LED fegurð** Aurora kallast þessar íburðarmiklu ljósakrónur eftir breska hönnuðinn Lee Broom. Krónurnar eru mótaðar úr LED ljósahringjum sem hægt er að raða saman á mismunandi hátt.



**O útiljós** Elemental, arkitektafyrirtæki Alejandro Aravena, stendur að baki hönnun O útiljóssins. Hönnunin var miðuð að því að vera lítið áberandi. Ljósið var hannað fyrir ítalska ljósamerkið Artemide og er útbúið nemum þannig að það kviknar ekki á ljósinu nema það nemi hreyfingu.



**Litríkar ljósakrónur** Moirai Chandelier kallast þessar ljósakrónur eftir Ini Archibong. Ljósin eru úr klassísku blásnu gleri og má raða þeim saman á mismunandi máta í það sem hönnuðurinn kallar „constellation of clouds“ sem kannski mætti útleggja sem skýjaborgir. Ljósin eru hluti af Below the Heavens línu breska húsgagnamerkisins Sé.



Í BAUHAUS er ein stærsta ljósadeild á landinu. Þarna getur að líka ljós í öllum gerðum og stærðum.



Fallegir lampar og ljós í miklu úrvali hvort sem fólk er að leita í stofu, eldhús eða herbergi.



Falleg loftljós í skandinavískum stíl hafa verið gríðarlega vinsæl.



Útiljós og inniljós. Loftljós eða sérhönnuð ljós. Allt er þetta til í BAUHAUS. MYNDIR/ANTON BRINK



Það þarf ekki að fara annað en í BAUHAUS þegar leitað er að lömpum og ljósum. Mikið úrval inni- ogútiljósa.

# Vinsælu LED ljósin spara orku

Ljósadeild BAUHAUS er ein sú stærsta á landinu. Þar má sjá allar stærðir og gerðir af lömpum og ljósum. Í BAUHAUS er mikið úrval fallegra gæðaljósa bæði til notkunar innan- og utandyra.

Samkvæmt Guðmundi Sigurðssyni, starfsmanni í ljósadeild BAUHAUS, er mikið úrval í versluninni af vönduðum ljósum frá þekktum framleiðendum í Danmörku og Þýskalandi. Fræg merki eru í boði eins og Eglo, Nordlux, Aneta, Globo, Osram, Halo Teck, Paulmann, Ritter og Bahag eða alls frá 10 mismunandi birgjum. Vegna þess hve úrvalið er gott er auðvelt fyrir alla að finna rétta ljósið sem hentar heimilinu eða fyrirtækinu.

Guðmundur segir að tískan í ljósum hafi breyst þó nokkuð að undanförnu enda hafi orðið mikil framþróun í LED lýsingu. „Það er virkilega ánægjulegt þar sem LED perur spara um 90% orku fyrir neytendur. Bæði heimili og fyrirtæki hafa verið að breyta úr venjulegri lýsingu yfir í sparperur. LED lýsingin sparar fólki stórar upphæðir árlega,“ segir hann.



Guðmundur Sigurðsson, starfsmaður í ljósadeild BAUHAUS, er stoltur af hinu mikla úrvali sem er í versluninni. MYNDIR/ANTON BRINK

## Útiljós með hreyfiskynjurum

BAUHAUS býður alltaf nýjustu hönnun í ljósum og skiptir oft um þannig að fólk getur alltaf komið og séð eitthvað nýtt. „Hér á landi er fólk almennt hrifið af svokallaðri skandinavískri hönnun en það eru ljós sem eru ekki mjög íburðarmikil og með útlit sem hentar til margra ára, óháð öðrum breytingum á heimilinu. Þá er nýjasta tæknin LED ljós, þar sem peran er ýmist innbyggð í ljósinu eða umskiptanleg,“ greinir Guðmundur frá og bendir á að starfsfólk ljósadeildar BAUHAUS sé allt sérfræðingar á sínu sviði og aðstoði viðskiptavini og gefi góð ráð sé þess óskað. „Það er svo gaman að smekkur fólks er misjafn svo við seljum breitt úrval ljósa. Þó hafa LED borðar verið sérstaklega vinsælir upp á síðkastið sem og útiljós af öllum gerðum með birtuskynjara nú fyrir haustið og veturinn. LED útikastarar með birtu- og hreyfiskynjurum seljast einnig vel sem og loftkúplar með innbyggðum LED ljósabúnaði,“ bætir hann við.

„Ljósadeildin er stór og viðskiptavinir geta því virt ljós og lampa vel fyrir sér áður en kaupin eru ákveðin. Fólk getur skoðað bæði inni- og útiljós, kastara, hangandi ljós, veggljós, standlampa, borðlampa og þannig mætti áfram telja. Á nokkurra mánaða fresti er ljósum skipt út og nýjar línur koma inn svo úrvalið er lifandi og við fylgjum nýjustu straumum,“ segir Guðmundur.

## Tískan alltaf að breytast

Undanfarin ár hafa messing og gyllt ljós verið áberandi en sú tíska hefur aðeins dalað, að sögn Guðmundar. Þó eru alltaf einhverjir sem spyrja um slík ljós.

„Þar sem við leitumst við að þjónusta alla og bjóða sem breiðasta vörulínu þá eigum við að sjálfsögðu til gott úrval af messing og gylltum ljósum. Sömuleiðis eigum við mikið úrval af alls kyns perum, stórum og litlum. Viðskiptavinir geta treyst því að finna það sem þeir leita að í BAUHAUS.“

Í næsta mánuði gefur BAUHAUS út sitt árlega ljósablað og þá geta viðskiptavinir skoðað úrvalið áður en þeir koma í verslunina.

BAUHAUS er opið virka daga milli kl. 8 og 19, laugardaga milli kl. 10 og 18 og sunnudaga milli kl. 10 og 18.



## Oft dimmt hjá eldra fólki á veturna

Nú er haustið komið og myrkrið fer að taka við. Fyrir suma eldri borgara getur það því miður þýtt að þeir þurfi að hætta að gera eitt og annað, eða láta það bíða til bjartasta hluta dagsins. Sjónin versnar með aldrinum og við þurfum sífellt meiri birtu, en samkvæmt nýrri norskri rannsókn áttar margt eldra fólk sig ekki á því hvað það er lítil birta í umhverfinu og það bitnar á því. Rannsóknin var unnin með aðstoð eldri borgara sem voru við fulla heilsu. Ljósstyrkur var mældur í stofunni á heimilum þeirra yfir vetrarmánuðina og næstum öll heimilin voru of dimm. Það skorti ekki ljósin, en ljósrofarnir voru oft óaðgengilegir og því ekki notaðir. Auk þess gáfu næstum öll ljósin hlýja birtu, sem margir á Norðurlöndum sækjast eftir yfir vetrartímann, en hentar sjóndöprum illa.

Þátttakendum fannst ekkert vera að lýsingunni eða sjón sinni. En mörg þeirra hættu að gera hluti sem kröfðust mikillar birtu á veturna, eða biðu eftir bjartasta tíma dagsins. Þeir sem höfðu lægstu tekjurnar bjuggu á dimmustu heimilunum og liðu mest fyrir skort á ljósi. Þetta átti sérstaklega við einhleypar konur.

Næst fengu rannsakendur ljósameistara til að auka birtuna á 30 af heimilunum og auðvelda aðgengi að ljósunum. Eftir það urðu þátttakendur miklu virkari og áttuðu sig á hversu dimmt var orðið hjá þeim.

Sjóninni hrakar með árunum en það gerist svo hægt að margir taka ekki eftir því. En í raun þarf áttræður einstaklingur fjórum sinnum meira ljós til að sjá en tvítugur einstaklingur.

## Dýrasta ljósakrónan

Dýrasta ljósakróna heims er líklega átta arma silfurkróna, The Givenchy Royal Hanover Chandelier, sem hönnuð var af William Kent, konunglegum arkitekt Georgs II Englandskonungs árið 1736. Ljósakrónan var seld á uppboði hjá Christies í London árið 2011 á yfir níu milljónir punda.

Ljósakrónan var smíðuð af Balthasar Friedrich Behrens í Hanover. Kent pantaði fimm slíkar krónur af Behrens sem prýða áttu höll Georgs II í Hanover. Konungurinn hafði á þessum tíma töluverðan áhuga á þegnum sínum í Hanover, þó sér í lagi einum. Í heimsókn sinni þangað árið 1735 hafði hann hitt og fallið fyrir Amelie, eiginkonu Gottlieb Adam von Wallmoden. Hún varð hjákona konungsins. Það var því kannski ekki tilviljun að konungur hafði áhuga á því að skreyta höll sína í Hanover á þessum tíma enda bjóst hann við auknum ferðum þangað.



Af ljósakrónunum fimm er nú aðeins vitað um fjórar og eru þær allar í einkaeigu í dag. Sú sem boðin var upp 2011 hafði verið keypt af Hubert de Givenchy fyrir Salon Vert í hótel d'Orrouer.

# Haustlitir fyrir heimilið

Það þarf ekki að kosta mikið að breyta stofunni fyrir haustið. Litir skipta þar öllu máli. Nýir púðar í sófann, fallegt sófateppi og motta á parketið getur gert gæfumuninn. Nýjustu litirnir í haust kallast „brenndir litir“, það eru dökkir litir eins og dimmbrúnn, appelsínugulur, dökkgrár, dökkrauður og fjólublár, eða sannkallaðir haustlitir. Þannig færum við haustið inn í stofu til okkar. Þá skiptir lýsingin líka miklu máli. Kertaljós gera allt svo miklu meira kósí að ekki sé talað um fallega lampa.

Fylgihlutir eru grófir og þar ræður ryðbrúnn litur stefnunni. Vasar í öllum stærðum og gerðum í þessum fallega ryðbrúna lit sem er þó í dekkri kantinum, eins og aðrir litatónar um þessar mundir. Fallegt er að raða saman tveimur til þremur ryðbrúnum háum vösum og setja falleg blóm í þá. Stór ryðbrúnn gólfblómapottur er sömuleiðis smart með fallegri inniplöntu.

Heimilislegt umhverfi hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförnum árum. Dökkir veggir hafa verið vinsælir en þeir passa vel við fallegt parketið og gefa heimilinu ákveðinn stíl. Dökkir litir krefjast þess einnig að lýsingin sé úthugsuð.



Grófleiki í umhverfinu er mikið í tísku.





Erum að taka niður pantanir fyrir næsta vor. - 1000w - 1500w -2000w
Drægnin er 35km - 50km / Hleðslutími er 4-5kl.st.







LED LÝSING FYRIR VINNUSTAÐI, HÓTEL, HEIMILI, FJÓS, FJÁRHÚS, VERKSTÆÐI




Ludviksson ehf
Flatahrauni 31 - 220 Hafnarfirði - S: 5658911
email: ludviksson@ludviksson.com
Heimasíða: www.ledljos.com




MotorMax
Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040

Söluaðilar Motormax:

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**
Klettháls 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**Kaupfélag Skagfirðinga**
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

# Ýmsar leiðir til að bæta lífið á skrifstofunni

Það er þægilegt að vinna á skrifstofu og tekur almennt ekki mikið á en það getur samt reynst óhollt og valdið ýmsum kvillum. Hér eru nokkur góð ráð til að láta sér líða sem best á skrifstofunni.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það skiptir miklu máli að láta sér líða vel á skrifstofunni. Flest eyðum við meiri tíma í vinnu en nokkurt annað athæfi og það er mikilvægt að þessum óteljandi klukkustundum á skrifstofunni fylgi ekki meiri óþægindi en nauðsynlegt er og að við vinnum okkur ekki mein sem hægt er að komast hjá við alla þessa setu.

Það er óþolandi að þurfa að vinna í óþægilegu umhverfi sem maður getur ekki stjórnað. En rannsóknir hafa sýnt að litlar breytingar á umhverfinu og aðstæðum við vinnu geta haft mikil áhrif.

## Skreytið, en forðist óþarfa

Það er gott að fara vandlega yfir vinnurýmið sitt og vera vakandi fyrir öllum smáatriðum sem búa til vesen. Við forðumst að gera flest sem krefst auka erfiðis, jafnvel þó það sé mjög einfalt. Þess vegna er til dæmis gagnlegt að vera með vatnsflösku á borðinu sínu til að passa að maður drekki nóg vatn, því það er hætta á að maður drekki ekki nóg ef alltaf þarf að gera hlé á vinnu og standa upp til að fá sér sopa.



Stjórnendur Google vita að það skiptir miklu máli að hafa gróður í kringum skrifstofuna. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Langar setur á skrifstofunni geta valdið ýmsum kvillum og fara illa með marga.

Eins ætti líka að geyma hugmyndalista og rissblöð innan seilingar, en ekki ofan í skúffu. Þá eru meiri líkur á að maður nýti þessi tól. Okkur er kennt frá barnæsku að ganga frá hlutunum á sinn stað, en það er betra að geyma gögnin sem eru notuð mest þar sem er mjög auðvelt að komast í þau, því allt sem gerir verkin flóknari eða erfiðari dregur úr hvatanum til að ráðast í þau og hægir á manni.

Rannsóknir hafa líka sýnt að það sé hollt að skreyta vinnuumhverfið með persónulegum munum, því það gefur fólki aukna tilfinningu fyrir sjálfstæði, sem eykur hamingju.

Það er samt ekki gott að skreyta of mikið, því allt sem þú sérð dregur að sér athygli, sem þýðir að minni hluti af athyglinni er á lausu til að einblína á það sem skiptir máli.

## Gróður bætir og kætir

Rannsóknir sýna að það að hafa grænan gróður í kringum sig er bæði hollt og eykur hamingju. Við þróuðumst ekki til að lifa af í loftlausum skrifstofum heldur úti í náttúrunni, þannig að því meiri tengsl sem við höfum við náttúruna, því betur líður okkur og þá vinnum við betur.

Náttúrulegt dagsljós er gagnlegt og pottaplöntur hjálpa líka. Þær bæta skap fólks og auka bæði afköst og sköpunargáfu og rannsóknir sýna að fólk tekur færri veikindadaga ef það eru pottaplöntur í umhverfinu og/eða tré og gras fyrir utan gluggana á skrifstofunni. Það er líka hægt að hlusta á náttúruhljóð á YouTube eða í snjallsímaforriti til að sefa hugann.

Litlir hlutir geta breytt miklu. Flestir hafa ekki tíma fyrir mikla útivist á vinnutíma, en bara fimm mínútna göngutúr í almenningsgarði getur haft mælanleg áhrif á geðheilsu. Bara það að hafa grænan skjábakgrunn getur meira að segja hjálpað.

Svo virðist það bæta skapandi hugsun að hafa hátt til lofts, þannig að ef það þarf að hugsa eitthvað mikilvægt er gott að fara eitthvert þar sem er hátt til lofts eða bara út.

Einfaldasta reglan er þessi: Passið að vinnudagurinn feli í sér nokkra hluti sem voru til fyrir 250 þúsund árum, svo sem tré, sólarljós, vatn og samskipti augliti til auglitis, en ekki bara skjái.

## Munið að hvíla augun

Flestir sem vinna við tölvu finna fyrir einhverjum óþægindum í augunum af því að stara langtímum saman á skjáinn og því er mikilvægt að passa að líta reglulega af honum til að hvíla augun.

Það er gott að passa að líta burt frá skjánum á 20 mínútna fresti og horfa á eitthvað sem er minnst sex metra í burtu í 20 sekúndur. Sex metrar eru 20 fet og því er þetta oft kallað 20-20-20 reglan, sem er auðvelt að muna. Þetta hvílir augnvöðvana.

Svo er mikilvægt að muna að blikka, eins fáránlegt og það kann að hljóma. Fólk blikkar nefnilega minna þegar það horfir á skjá, en það er mikilvægur hluti af því að halda augunum rökum og heilbrigðum og minnka þreytu í augunum.

Það er líka gott að passa að skjárinn endurkasti ekki ljósi ef það er mögulegt. Ef ljós í umhverfinu endurspeglast af skjánum getur það valdið auka álagi á augun.

## Einfaldar æfingar hjálpa

Síðast en ekki síst er gott að finna leiðir til að hreyfa sig til að vinna gegn allri setunni, en eins og við vitum öll er það tengt mörgum sjúkdómum að sitja of mikið.

Það er gott að nýta hvert tækifæri til að standa upp og ganga um og svo getur líka verið hollt að gera einfaldar æfingar við skrifborðið til að teygja á vöðvunum og auka blóðstreymi án þess að hægja á vinnunni. Það er auðvelt að finna leiðbeiningar fyrir slíkar æfingar á netinu og gott að reyna að gera þær nokkrum sinnum á dag.

VEITINGASTAÐIR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um veitingastaði kemur út fimmtudaginn 27. september

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Ruth Bergsdóttir markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 512 5483 og 694 4103 / ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

LITLA bílasalan



MMC Outlander Phev Instyle. Árgerð 2018, NÝR Bensín, Rafmagn sjálfskiptur.Dráttarbeisli Verð 4.950.000. Rnr.242561. - Á staðnum



MERCEDES-BENZ Gl 350 Bluetec 4matic. Árgerð 2014, ekinn 46 Þúsund, dísel, 7 Manna Verð 8.950.000. Rnr.111511. - Á staðnum



LAND ROVER Range Rover Velar. Árgerð 2018, ekinn 8 Þ, dísel, sjálfskiptur. Verð 14.600.000. Rnr.111395. - Á staðnum



KIA Sportage Ex Disel . Árgerð 2016, ekinn 78 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur Verð 3.580.000. Rnr.222691. - Á staðnum

LITLA bílasalan



BMW X5 Xdrive40e Plug In Hybrid. Árgerð 2016, ekinn 28 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 8.500.000. Rnr.111401. - Á staðnum

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**Opið á laugardögum 12-15**
**www.litla.is**

## Þjónusta

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is


MARKAÐURINN

Viðskiptafréttir sem skipta máli

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

» Þú getur einnig nálgast Markaðinn í Fréttablaðs appinu



STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**HEILSUNUDD**
Nuddstofan, opið frá 10-20. einnig á laugardögum S. 561 6254.

# Húsnæði

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð, studió íbúð eða stórum herb. til leigu á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 783 6006

Hjón á fimmtugsaldri óskar eftir leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu. S. 773-0444

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Vantar þig skemmtilega vinnu? Þá hef ég vinnu fyrir þig. Um er að ræða vaktavinnu vantar í allar stöður.Unnið er eftir N.P.A hugmyndafræðinni. sendu mér linu og bókum hitting og höfum gaman saman sendu mér línu á atvinna2018@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Skemmtanir

KOMIÐ OG DANSIÐ! KOMIÐ OG DANSIÐ! KOMIÐ OG DANSIÐ! KOMIÐ OG DANSIÐ!

### Dans og tónlistarveisla
**á Spáni 11. – 25.október 2018.**

**KOM og DANS** í Noregi stendur fyrir dansnámskeiðum og dansleikjum með þekktum sænskum sveiflu-hljómsveitum á Hotel Diamante Beach á Calpe 11. – 25.október n.k.

- Flug til Alicante 9. eða 14. október.
- Flug heim 23. eða 26. október.
- Val um hálft eða fullt fæði.
- Flott tækifæri fyrir íslenska tjúttara og einnig fyrir þá sem ekki hafa dansað.
- Hressilegur sumarauki á góðu hóteli með hálfu eða fullu fæði á góðu verði og í góðum félagsskap.

**Nokkur sæti laus.**

**Nánari upplýsingar gefa Karl í síma 8979438 og Bjarni Rúnar í síma 8633086**




## Atvinna

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is**

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

## Skemmtanir

# CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

*Best geymda leyndarmál Kópavogs*

Gullnáman

**BOLTINN Í BEINNI**
**LEIKIR HELGARINNAR**

LAUGARDAGUR
14:00 Man.Utd.- Wolves
16:30 Brighton - Tottenham

SUNNUDAGUR
12:30 West Ham - Chelsea
15:00 Arsenal - Everton

*Boltatilboð*

**LIFANDI TÓNLIST**



**RÚNAR ÞÓR & KLETTAR**
*Spilar fyrir dansi*
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
**FRÁ KL. 00.00 - 03.00**

**HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ 16-19**

**FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU**

**SÍMI 554 2166**
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
**WWW.CATALINA.IS**

# Æfingarnar ekkert ósvipaðar en leikmennirnir eru betri

**Körfuboltamaðurinn Kári Jónsson tók stórt skref á ferli sínum þegar hann yfirgaf æskuslóðirnar í Hafnarfirði og gekk til liðs við stórveldið Barcelona frá Haukum í sumar. Hann hefur nú æft og leikið með liðinu í tæpa tvo mánuði og lætur vel af dvölinni í Katalóníu.**




Kári var einn albesti leikmaður Hauka þegar Hafnfirðingar unnu deildarmeistaratitilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

KÖRFUBOLTI Kári Jónsson, landsliðsmaður í körfubolta, á spennandi vetur í vændum, en hann mun leika með varaliði Barcelona á komandi keppnistímabili. Hann gekk til liðs við spænska stórveldið frá Haukum í sumar, en hann segir mikil viðbrigði að fara frá uppeldisfélagi sínu og æfa svo og spila með mörgum af efnilegustu leikmönnum Evrópu. Deildarkeppnin í næstefstu deild hefst eftir rúmar þrjár vikur og hann er spenntur fyrir komandi áskorunum.

„Það hefur gengið vel að aðlagast í Barcelona, það er afskaplega gott fólk í kringum félagið sem hefur aðstoðað mig við að koma mér fyrir. Þetta er lið sem er vant því að taka á móti leikmönnum eins og mér og hugmyndafræði liðsins gengur út á að taka unga og efnilega leikmenn og skóla þá til. Við bætumst í hóp öflugra ungra leikmanna sem aldir eru upp í akademíu félagsins. Þeir hafa tekið mér opnum örmum og kunna augljóslega þá list vel að taka á móti nýjum leikmönnum. Leikmenn eru einnig teknir inn þegar þeir eru yngri en ég er, þannig að þarna eru leikmenn sem hafa verið lengi og geta miðlað til mín af reynslu sinni,“ segir Kári um fyrstu mánuðina hjá nýju félagi.

„Ég læri eitthvað nýtt á hverjum degi, bæði þegar kemur að körfuboltanum og að búa í borginni. Þeir eru duglegir að bæði gagnrýna, leiðbeina og láta mig vita hvernig

> Þeir eru duglegir að bæði gagnrýna, leiðbeina og láta mig vita hvernig þeir vilja að ég spili fyrir liðið.

þeir vilji að ég spili fyrir liðið. Mér finnst ég hafa bætt mig strax umtalsvert á því að æfa með svona góðum leikmönnum undir handleiðslu afar færra þjálfara. Þetta eru líklega bestu leikmenn sem ég hef æft með, eða svona á pari við leikmannahóp íslenska landsliðsins. Æfingarnar eru ekkert ósvipaðar því sem ég kynntist í háskólaboltanum í Bandaríkjunum á sínum tíma, en gæði leikmanna eru töluvert meiri hjá Barcelona,“ segir Kári.

### Óhræddir við mistök

Á æfingum hjá Barcelona er mikið lagt upp úr að menn bæti tækni sína og leikskilning.

„Það er rík áhersla á það á æfingunum að leikmenn hafi mikið frjálsræði til þess að sýna sig og sanna. Það er mikið um æfingar sem reyna á leikstöðuna einn á móti einum og leikmenn eru hvattir til þess að prófa sig áfram, þeir eigi að vera óhræddir við að gera mistök og læra af þeim í kjölfarið. Leikmenn fá tíma til þess að bæta tækni sína og vinna í veikleikum sínum sem er mjög jákvætt að mínu mati. Leikskilningur leikmanna liðsins er mjög góður og það er gaman að æfa og spila með þeim,“ segir leikstjórnandinn um uppleggið hjá liðinu.

„Ég mun klárlega verða í öðruvísi hlutverki en ég var í hjá Haukum og verð að þróa minn leik eftir því. Eins og gengur og gerist í evrópskum körfubolta er liðinu róterað mjög mikið og ekki byggt upp á sex til sjö leikmönnum eins og tíðkast heima. Ég mun ekki spila lungann úr leikjunum eins og ég gerði með Haukum. Leikmenn skipta örar hér og þess er krafist að þeir gefi sig alla í þær mínútur sem þeir fá. Það er bara þroskandi fyrir mig að fá aukna samkeppni og að þurfa að bregðast við því að þurfa að berjast fyrir sæti mínu í liðinu,“ segir Hafnfirðingurinn aðspurður um það hvernig hann sjái fyrir sér að hlutverk hans í liðinu verði í vetur. **hjorvaro@frettabladid.is**

# Þolinmæðin mun á endanum bresta

KÖRFUBOLTI Hannes S. Jónsson, formaður Körfuknattleikssambands Íslands, KKÍ, er vakinn og sofinn yfir framgangi körfuboltans hér á landi. Álitaefnin sem valda honum mestu hugarangri þessa dagana eru eins og svo oft áður fjárhagsstaða sambandsins og málefni Laugardalshallarinnar.

Hann segir að núverandi styrkir þess opinbera og fyrirtækja í landinu dugi ekki til þess að halda afreksstarfinu áfram í núverandi mynd og þá áréttar hann að skortur á æfingaaðstöðu standi sambandinu fyrir þrifum. Alþjóðakörfuboltasambandið, FIBA, hefur svo gert alvarlegar athugasemdir við Laugardalshöll sem keppnishöll A-landsliðanna.

„Við erum vissulega verulega ánægð með hvað afrekssjóðurinn hefur aukist mikið undanfarin ár. Það er hins vegar ekki nóg, en sá sjóður nægir til þess að standa undir rúmlega þriðjungi af þeim kostnaði sem afreksstarfið kostar í núverandi mynd. Mér finnst ekki hægt að skera niður á nokkurn hátt og krafan í körfuboltasamfélaginu er frekar að það þurfi að gefa í,“ sagði Hannes um landslagið í körfuboltanum.




Þjálfari landsliðsins, Craig Pedersen, og Hannes, formaður KKÍ, á blaðamannafundi fyrir verkefni landsliðsins á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við erum með stöðuga og góða bakhjarla sem hafa reynst okkur tryggir í gegnum árin. Það gengur hins vegar illa að laða að nýja styrktaraðila á sama tíma og þess er krafist að fagmennskan og umgjörðin verði meiri í kringum landsliðin okkar. Við viljum taka skrefið lengra, en til þess að þarf meira fjármagn og ég biðla til velunnara körfuboltans að hafa það í huga,“ segir formaðurinn enn fremur um stöðu mála.

„Það hjálpar svo ekki til að málefni Laugardalshallarinnar séu eins og þau eru. Það er alkunna að höllin er barn síns tíma og FIBA hefur gert alvarlegar athugasemdir við hana í gegnum tíðina. Ég óttast það að eftir tvö til þrjú ár mun FIBA bresta þolinmæðina og við stöndum uppi án löglegrar keppnishallar,“ segir hann um aðbúnað landsliðanna.

> Ég óttast að eftir 2-3 ár muni FIBA bresta þolinmæðina og við stöndum uppi án löglegrar keppnishallar.

„Það má heldur ekki gleyma því að við erum að deila höllinni með Þrótti, landsliðum í handbolta og blaki og útleigu á salnum. Landsliðin okkar hafa verið að æfa á sex til sjö mismunandi stöðum í kringum landsliðsverkefni sín og það gefur augaleið að það er ekki þægilegt vinnuumhverfi. Þá erum við upp á félögin komin með æfingatíma með tilheyrandi raski fyrir alla sem að því koma. Mér finnst lítið þokast hjá stjórnvöldum hvað þetta málefni varðar og úrbætur búnar að vera of lengi í spjallfasa. Nú finnst mér vera kominn tími á aðgerðir áður en það verður um seinan,“ segir Hannes í ákalli sínu um að stjórnvöld vakni til lífsins. **– hó**

## Húsvíkingum dæmdur sigur gegn Hugin

FÓTBOLTI KSÍ tók í gær ákvörðun um að dæma Völsungi 3-0 sigur í leik liðsins gegn Hugin eftir að leikurinn gat ekki farið fram deginum áður. Þegar flauta átti leikinn á voru gestirnir frá Húsavík mættir á auglýstan leikstað, Fellavöll á Egilsstöðum, en leikmenn Hugins voru á heimavelli sínum á Seyðisfirði, 30 kílómetra í burtu.

Völsungur kærði úrslit leiksins þegar liðin mættust upprunalega eftir að leikmanni liðsins var ranglega vísað af velli. Var búið að breyta þessu á leikskýrslu og því skila rangri leikskýrslu og óskuðu þeir eftir því að fá úrslitin ógilt sem var samþykkt af áfrýjunarnefnd KSÍ. Leikurinn skyldi leikinn aftur á Seyðisfirði.

Huginn lýsti því yfir að völlur liðsins væri í slæmu ástandi og færði KSÍ leikinn því yfir til Egilsstaða. Í samtali við Fréttablaðið í gær taldi þjálfari Hugins að KSÍ hefði ekki haft heimild til þess og Völsungur hefði því ekki mætt á réttan leikstað, því ætti að dæma Seyðfirðingum sigurinn.

Mótastjórn KSÍ tók ákvörðun um að dæma Húsvíkingum sigurinn þar sem Huginn hefði ekki mætt á auglýstan leikstað. Fá Völsungar því þrjú stig og halda lífi í baráttunni um sæti í 1. deildinni að ári en Huginn er aðeins með sex stig á botni deildarinnar. **– kpt**

## Ólafía og Birgir þurfa að gera betur í dag

GOLF Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR, og Birgir Leifur Hafþórsson, GKG, náðu sér ekki á strik á fyrsta degi er þau kepptu á Evrópumótaröð kvenna og karla í gær. Léku þau bæði hringinn yfir pari vallarins og þurfa að gera betur í dag til að ná niðurskurði.

Ólafía tók þátt í Estrella Damm mótinu á Spáni og lék fyrsta hringinn á 72 höggum, einu yfir pari vallarins. Fékk hún alls þrjá skolla og tvo fugla á deginum. Er hún í 69. sæti eftir fyrsta hring dagsins og tíu höggum á eftir efstu kylfingum.

Skrambi reyndist Birgi Leifi dýrkeyptur á Opna portúgalska meistaramótinu í Vilamoura enda kom hann í hús á 73 höggum, tveimur yfir pari vallarins.

Fékk hann einn fugl, einn skolla og einn skramba á deginum og var ásamt kylfingnum þekkta Padraig Harrington í 122. sæti eftir fyrsta hring. Meðal kylfinga á þessu geysisterka móti eru einnig Sergio Garcia og Carl Schwartzel. **– kpt**



FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
21. SEPTEMBER 2018 FÖSTUDAGUR



Elskulegur faðir minn og bróðir okkar,

**Finnur V. Bjarnason**
matreiðslumeistari,

lést 17. september.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 24. september kl. 10.30. Jarðsett verður í Fossvogskirkjugarði 26. september kl. 15.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á lyflæknadeild Sjúkrahússins á Akureyri fyrir góða umönnun og umhyggju.

**Grétar Hafsteinn Finnsson**
**Hallfríður Bjarnadóttir**
**Tryggvi Bjarnason**
**Svava M. Bjarnadóttir**
**Bjarney L. Bjarnadóttir**
**Friðrik Bjarnason**
**og fjölskyldur.**



Við þökkum auðsýnda samúð vegna andláts ástkærrar móður, ömmu og langömmu okkar,

**Guðrúnar Sjafnar Janusdóttur**

**Karen Kjartansdóttir**
**Valborg Kjartansdóttir**
**Kjartan Kjartansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Sigurður H. Jóhannsson**
Ljósvallagötu 28, Reykjavík,

lést á Vífilsstaðaspítala þann 15. september síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þann 5. október kl. 3.

**Margrét Þyri Sigurðardóttir** **Jónas Eydal Ármannsson**
**Jóhann Haukur Sigurðsson** **Guðrún Leósdóttir**
**barnabörn og aðrir afkomendur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

**Gísli Magnússon**
frá Frostastöðum,
til heimilis að Freyjugötu 28,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 11. september.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð.

**Ólöf S. Arngrímsdóttir**
**Magnús Halldór Gíslason** **Sólveig Þrándardóttir**
**Jóda Elín Valgerður Margrétardóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Bragi Þorsteinsson**
Vatnsleysu, Biskupstungum,

sem lést miðvikudaginn 12. september, verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju laugardaginn 22. september klukkan 14.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.

**Halla Bjarnadóttir**
**Ingunn Birna Bragadóttir**
**Ragnheiður Bragadóttir** **Eymundur Sigurðsson**
**Kristrún Bragadóttir** **Björn D. Þorsteinsson**
**Bragi Steinn, Sigurður og Halla Eymundsbörn**
**og Katrín Ingunn Björnsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



**Hús Listaháskólans við Laugarnesveg átti í upphafi að hýsa SS en úr því varð ekki og Listaháskólinn fluttist þangað.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Listaháskólinn formlega stofnaður fyrir 20 árum

**Þann 21. september fyrir 20 árum var undirrituð skipulagsskrá nýs listaskóla á háskólastigi – Listaháskóla Íslands. Fyrst var skólinn einungis myndlistadeild en hefur stækkað ört og útskrifar árlega framúrskarandi listafólk þó reksturinn gangi ekki hnökralaust.**

Á þessum degi fyrir tuttugu árum var Listaháskóli Íslands formlega stofnaður. Það var í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar sem stjórnarmenn skólans hittust og undirrituðu skipulagsskrá þessara nýju listastofnunar og var það svo þáverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, sem staðfesti hana. Við tækifærið sagði Björn: „Þar með er þessum áfanga náð. Allt vinnst þetta með tímanum.“

Samkvæmt skipulagsskránni er Listaháskólinn „háskólastofnun sem sinnir æðri menntun á sviði listgreina, sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna á háskólastigi. Listaháskóli Íslands skal jafnframt vinna að eflingu listmennta með þjóðinni og miðla fræðslu um listir og menningu til almennings.“

Kennsla hófst um ári eftir þessa formlegu stofnun skólans, eða að hausti til árið 1999. Fyrst um sinn var þar aðeins starfrækt myndlistardeild en í dag eru deildirnar fimm: myndlistardeild, leiklistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild, listkennsludeild og tónlistardeild. Þessi uppbygging var einkar ör en árið 2000 hófst kennsla í leiklist og árið eftir í tónlist. Hönnunardeildin kom til sögunnar árið 2001 og árið 2002 voru það arkitektúr, vöruhönnun og fatahönnun sem bættust við.

Í fyrstu var húsnæðinu að Laugarnesvegi 91 ætlað að hýsa skólann en í dag er hann starfræktur í samtals fjórum byggingum, auk Laugarnessins er hann til húsa í Þverholti og við Sölvhólsgötu.

Núverandi rektor skólans er Fríða Björk Ingvarsdóttir og hefur hún gegnt því starfi síðan 2013. Hún var fyrr í mánuðinum endurráðin sem rektor skólans.

Á þessum tuttugu árum hefur skólinn útskrifað ógrynni listafólks í fremstu röð en þó hefur reksturinn ekki gengið hnökralaust fyrir sig – á síðustu árum hafa nemendur til að mynda verið óánægðir með húsnæði skólans og þá sérstaklega við Sölvhólsgötu en í fyrra sagði formaður nemendafélags sviðslistanema húsnæðið vera „heilsuspillandi [og] mygla nýtur sín betur en nemendur“. Í góðærinu voru uppi plön um að reisa skólanum nýtt húsnæði við Laugaveg en enn hefur sá draumur (sumra) ekki ræst.



**Svona hefði hús Listaháskólans við Laugaveg getað litið út séð frá Hverfisgötunni.**

> Þar með er þessum áfanga náð. Allt vinnst þetta með tímanum.
>
> Björn Bjarnason, fyrrverandi menntamálaráðherra

stefanthor@frettabladid.is



Nöfnurnar Hólmfríður og Hólmfríður Helga eru búnar að eiga góðar stundir saman meðan bókin þeirra var að fæðast.

# Amma er ein af mínum sterku kvenfyrirmyndum

**Hólmfríður Sigurðardóttir, kennari og sjö barna móðir, og barnabarn hennar, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir blaðamaður, sitja yfir rjúkandi kaffibollum. Sú fyrrnefnda segir frá á lifandi hátt, hin skráir af listfengi. Afrakstur samvinnunnar er bókin Amma – draumar í lit.**

Amma mín, Hólmfríður Sigurðardóttir kennari, átti heima á Raufarhöfn og henni þykir afar vænt um þann stað. Upphaflegi punkturinn var að fara með henni þangað og fá hana til að lýsa því hvað væri svona æðislegt. En hún var lasin og ég keyrði ein með börnin mín norður, þessa 600 kílómetra. Þar brutumst við inn í litla húsið hennar, Sandgerði. Á því byrjar bókin, það var dálítið góð leið inn í frásögnina," segir Hólmfríður Helga Sigurðardóttir blaðamaður (Fríða), þegar hún er beðin að lýsa tildrögum þess að hún skrifaði bókina Amma – draumar í lit – sem er nýkomin út á vegum Stundarinnar. Þar hjálpast þær nöfnur að við að bregða ljósi á lífshlaup þeirrar eldri og ljóð hennar tvinnast við frásögnina. Það skal tekið fram, áður en lengra er haldið, að báðar fara saman til Raufarhafnar undir lok bókar.

*Skyldu þær nöfnur alltaf hafa verið nánar?*

„Já, amma hefur alltaf verið vinkona mín, frá því ég var lítil stelpa Hún á mörg barnabörn, sýndi öllum áhuga og kom fram við okkur af virðingu, söng mikið með okkur og kenndi okkur tákn," svarar Fríða. „Amma fór í kennaraskólann þegar börnin hennar voru komin á legg og var alltaf meðvituð um að koma eins fram við alla. Ömmum þykir vænt um barnabörnin sín, nánast eins og þau séu þeirra eigin börn, en samt er sambandið afslappaðra og getur verið svo ótrúlega fallegt og mikilvægt. Mamma mín hefur mikið að gera, samt á hún gott samband við barnabörnin sín."

Við Fríða sötrum eðalkaffi úr fínlegum bollum og borðum tekex með Búraosti – tengjum við bókina. Hún segir Hólmfríði ömmu eina af sínum sterku kvenfyrirmyndum. „Ég held ég sé heppin því ég á dálítið margar, en fas hennar og áhugi á lífinu, umhverfinu og fólkinu í kringum sig er algerlega til eftirbreytni. Eins og fleiri konur af hennar kynslóð kann hún svo mörg aðdáunarverð handbrögð sem eru að tapast. Að því leyti er hún alger fyrirmynd en ég geri mér engar væntingar um að komast þangað."

*Amman, Hólmfríður, verður 88 ára á þessu ári. Var hún strax til í að deila minningum sínum með þjóðinni?*

„Henni fannst hún ekkert efni í bók en vill allt fyrir mig gera svo hún lét þetta eftir mér. Útgáfa var heldur ekki upphafsmarkmiðið hjá mér heldur það að taka upp viðtöl við hana til að eiga. Við byrjuðum að hittast markvisst um vetur, oft snemma á morgnana, fengum okkur kaffi og töluðum saman. Það þurfti ekkert mörg skipti til að ég áttaði mig á því að það var margt gríðarlega áhugavert í lífi ömmu sem ég ekki vissi. Ef fólk hefur tíma og tök á þá ætti það að taka viðtöl við ömmur sínar og afa til að fræðast og geta miðlað áfram.

Mig langaði að segja sögu hinnar dæmigerðu íslensku konu í gegnum ömmu. Það var gaman að átta sig á því hversu sterkum áhrifum hún varð fyrir af rauðsokkahreyfingunni, ekki sem beinn þátttakandi en samt tilbúin að taka skilaboðin til sín og leyfa þeim að breyta lífinu. Eins og að drífa sig aftur í nám og fara tvisvar í viku í leikfimi og skilja manninn sinn eftir með krakkahópinn – sjö stykki.

Tímarnir sem amma upplifði framan af ævinni eru svo allt öðru vísi en í dag. Mér fannst ótrúlegt að heyra hana lýsa því þegar hún missti barn í fæðingu, tvíburastúlku sem var bara tekin og amma vissi það ekki fyrr en nokkrum klukkutímum seinna að hún hefði látist. Sá hana aldrei. Kom heim með hina litlu stúlkuna og varð bara að halda áfram og hugsa um barnahópinn sinn. Enginn tilbúinn að ræða þetta. Svona hlutir hafa lagast mikið.

Afi var bara 62 ára þegar hann dó. Amma þá 59. Það var mikið áfall. Ég var tíu ára og fannst þau gamalt fólk. Núna veit ég að það var ekki rétt. Þegar amma horfir til baka núna finn ég að árin eftir miðjan aldur eru henni líka mikilvæg í endurminningunum. Það finnst mér ánægjulegt þó auðvitað sé sorglegt að hún skyldi ekki hafa manninn sinn með sér. En svona er lífið." **gun@frettabladid.is**

## Brot úr bókinni

**Hólmfríður Helga læðir eigin minningabrotum inn. Hér er dæmi af bls. 46:**

Ég sit á trékolli í eldhúsinu heima hjá ömmu og afa á Kambsveginum. Ég dingla fótunum, sýp á ískaldri mjólk, beint úr stóra, ljósgræna SMEG-ísskápnum sem amma er svo ánægð með því hann heldur svo vel köldu. Við mamma, pabbi og Grímur stóri bróðir minn erum öll búin að borða ristað brauð með miklu smjöri og þykkum ostsneiðum. Á borðinu miðju er brauðkarfa úr basti og ofan í henni er tekex. Ég kræki mér í eitt og smyr það með þykku lagi af smjöri. Legg ostsneiðarnar vandlega ofan á og sný kexkökunni við. Þrýsti varlega á ostinn og horfi á litla smjörosta stíga upp úr götóttu kexinu. Ég hlusta á fullorðna fólkið mala, án þess að veita því sérstaka arhygli um hvað er rætt. Öll drekka þau kaffi, biksvart og sterkt. Ég sleiki ormana á kexinu og gleypi það í mig. Byrja svo upp á nýtt. Amma tekur restina af ostinum og sker hann í litlar ræmur. Ég næli mér í eina. Narta í hana og fylgist með ömmu. Hún sest ekki niður en baksar í eldhúsinu á meðan hún spjallar. Hún er dökkhærð, næstum svarthærð, með skarpan þvertopp og hár sem nær rétt niður fyrir eyru. Vatnsblá augun áberandi inni dökkri umgjörðinni. Þegar líður á heimsóknina kemur afi fram úr skrifstofunni sinni. Hann er þreytulegur en fallegur með sitt hvíta hár og skegg. Þegar ég bað bænirnar mínar á kvöldin eins og mamma hafði kennt mér kom andlit afa Gríms alltaf upp í hugann. Guð bara hlaut að líta einhvernveginn svona út. Þennan sama Guð átti ég samtal við nokkrum árum síðar og afneitaði honum formlega. Þá var hann búinn að taka afa minn til sín. Ég hleyp á móti afa og faðma hann fast. Ég næ honum einmitt upp á magann, mjúka púðann sem ljúft er að liggja á. Í dag les ég ljóðið hennar ömmu um ástina:

*Nú fer andvari um bjarta nóttina*
*ilman í vorblómunum*
*vængjaþytur í veröldinni*

*ljós í ástinni*




# Kóngur hrollvekjunnar er afmælisbarn dagsins



Stephen King er einn allra besti rithöfundur samtímans og eftir hann liggja tugir titla.

Stephen King á afmæli í dag og fagnar 71 árs afmæli sínu. King er einn allra besti hryllingshöfundur allra tíma en eftir hann liggja fjölmörg stórkostleg verk.

Vinsældir hans hafa trúlega aldrei verið meiri en nú eru það sjónvarsþættir byggðir á verkum hans sem slá í gegn.

**Nokkrar bækur eftir King**

**1974** Carrie
**1975** Salem's Lot
**1977** The Shining
**1977** Rage Signet Books
**1980** Firestarter
**1981** Roadwork
**1983** Christine
**1986** It
**1987** The Eyes of the Dragon
**1989** The Dark Half
**1991** The Dark Tower III:
**1996** The Green Mile
**1997** The Dark Tower IV:
**1998** Bag of Bones
**1999** The Girl Who Loved Tom Gordon
**2001** Dreamcatcher
**2005** The Colorado Kid
**2007** Blaze
**2008** Duma Key
**2009** Under the Dome
**2012** The Dark Tower: The Wind Through the Keyhole
**2014** Mr. Mercedes
**2015** Finders Keepers
**2016** End of Watch
**2017** Gwendy's Button Box
**2018** The Outsider



# Merkisatburðir

**1610** Pólskur her leggur Moskvu undir sig og heldur borginni næstu tvö árin.

**1615** Nokkur spænsk hvalveiðiskip brotna í óveðri við Strandir.

**1919** Reykjanesviti skemmist allnokkuð í jarðskjálfta.

**1936** Franska herskipið L'Audacieux kemur til Reykjavíkur og menn á þess vegum kafa niður að flaki Pourquoi-pas?, sem liggur á níu metra dýpi við skerið Hnokka innst í Faxaflóa. Þetta herskip er næsthraðskreiðasta skip heims, gengur á 44 hnúta hraða.

**1937** Skáldsagan Hobbitinn (The Hobbit) eftir J.R.R. Tolkien er fyrst gefin út í Bretlandi.

**1957** Ólafur verður Noregskonungur við andlát föður síns Hákonar 7.

**1963** Eiríkur Kristófersson, fyrrverandi skipherra á skipum Landhelgisgæslunnar, er sæmdur æðstu orðu Breta, sem erlendir menn geta fengið, fyrir framgöngu sína við björgun breskra sjómanna.

**1964** Malta fær sjálfstæði frá Bretlandi.

**1976** Fyrsta alþjóðlega pönkhátíðin er haldin á 100 Club í London.

**1985** Óperan Grímudansleikur eftir Verdi er frumsýnd í Þjóðleikhúsinu með **Kristján Jóhannsson** í aðalhlutverki.

**1991** Armenía lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Allhvöss norðlæg átt, en stormur fram eftir degi suðaustan til. Talsverð úrkoma á Norður- og Austurlandi, rigning nærri ströndinni en lengst af slydda eða snjókoma ofan 100-200 metra yfir sjávarmáli. Fer að lægja um kvöldið. Hiti 1 til 10 stig.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 0° |
| ↗ 1 | ↑ 9 | ↘ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 2° | 6° | -2° |
| ↘ 8 | ↙ 4 | ↙ 2 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 1° | 3° |
| → 5 | ↘ 5 | → 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 4° | 7° | 0° |
| → 7 | → 5 | → 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 6 | 1 | 5 | | |
| | | 1 | | 2 | 4 | | | 3 |
| | 6 | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 4 | | | | | |
| 4 | 7 | 2 | | | 5 | | | 9 |
| | 8 | | 9 | 1 | | 6 | 4 | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 8 | 3 | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | | 3 | 8 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | | 7 | | 6 | | |
| | | | 6 | | | | 3 | 1 |
| | | 6 | | | | 7 | | 8 |
| | | 3 | | 9 | | | | 7 |
| | 5 | | | | 7 | 1 | | 9 |
| | | | | 5 | 8 | | | 4 |
| | | 2 | | | | 8 | | |
| 8 | | | 5 | 2 | | | | |
| 9 | 1 | | | | 3 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 5 | | | 9 | | 7 | |
| | 8 | 3 | | | 4 | | | 5 |
| | | | | | 8 | 2 | | |
| | | | 2 | 4 | | | | |
| 1 | | | | | | 5 | 9 | |
| | 4 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 3 | | | 7 | 2 | |
| | | | | | 1 | 3 | | |
| | | | 8 | | | | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. skipastóll
5. tré
6. átt
8. steikjast
10. í röð
11. sendibíll
12. starfa
13. afhending
15. afgjöld
17. nöldra

**LÓÐRÉTT**
1. ánetjast
2. gáðu
3. álag
4. út
7. svelta
9. sjúkleiki
12. kýs
14. kverk
16. undan

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | 9 | | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. floti, 5. eik, 6. nv, 8. stikna, 10. tu, 11. van, 12. vinn, 13. skil, 15. tollar, 17. klifa.
**LÓÐRÉTT:** 1. festast, 2. litu, 3. oki, 4. innan, 7. vannæra, 9. kvilli, 12. vill, 14. kok, 16. af.

## Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Khalifman átti leik gegn Assejev í Borshomi árið 1984.

**1. Hxd7!! Bxd7** (1.... Dxd7 2. Rf6+! gxf6 3. Dg4+ Bg7 4. Bxf6). **2. Rf6+! Kh8 3. Dh5 h6 4. Dxf7 1-0.** Ólympíuskákmótið hefst á mánudaginn í Batúmi í Georgíu.

**www.skak.is:** Innlend skákmót.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



**Stórhættuleg karlmennska**
**Kolbeini Óttarssyni Proppé**, þingmanni VG, eru hugleikin þau mál sem hafa undanfarið verið í brennidepli og varða sjálfsvíg ungmenna. Hann segir karlmennskuna stórhættulega á köflum.



**Nú er komin sátt**
**Linda Vilhjálmsdóttir** ljóðskáld var ósátt við sjálfa sig árum saman.



**Kölluð amma norn**
**Guðríður Gyða** seldi eigur sínar, býr í glæsilegum húsbíl og nýtur lífsins á Íslandi og á Spáni.

**Upprennandi bardagalistamaður**
**Mikael** dreymir um að komast á sama stall og Gunnar Nelson.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


X-LÍNA OPEL ER FULLKOMNUÐ
Nýr Grandland X fullkomnar flokk sportjepplinga frá Opel. Hver þeirra þriggja hentar þér best?
EURO NCAP
Opel Grandland X
Grandland X er flaggskip sportjepplinga Opel og á frábæru verði. Hér eru þægindi, hátækni og lúxus staðalbúnaður.
Verð frá: 3.990.000 kr.
Frumsýningartilboð:
Verð frá: 3.790.000 kr.
UPPSELDUR!
Ný sending væntanleg
GRANDLAND X
Opel Mokka X
Mokka X er flottur fjórhjóladrifinn sportjepplingur sem sameinar lipurð og styrk.
Verð : 4.990.000 kr.
Tilboðsverð:
4.490.000 kr.
MOKKA X
EURO NCAP
Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.
Aðeins örfá eintök eftir á þessu frábæra tilboði!
Opel Crossland X
Crossland X kemur þér hvert á land sem er, allt í senn öruggur, rúmgóður, sparsamur og þægilegur.
Verð frá: 3.090.000 kr.
Tilboðsverð frá: 2.890.000 kr.
CROSSLAND X
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.
REYNSLUAKTU OPEL
Komdu og reynsluaktu Opel fyrir 30. september.
Þá ferð þú í pottinn og átt möguleika á að vinna
Opel Karl til afnota í heilt ár.
5 ára ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni
THE FUTURE IS EVERYONE'S
Kynntu þér Opel og bókaðu reynsluakstur á grandland.opel.is
Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330
Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna

# Réttvísi í ríki ræningjanna

LEIKHÚS

**Ronja ræningjadóttir**

★★★★☆

**eftir Astrid Lindgren**

**Þjóðleikhúsið**

**Leikgerð:** Annina Enckell
**Tónlist og söngtextar:** Sebastian
**Leikstjórn:** Selma Björnsdóttir
**Leikarar:** Salka Sól Eyfeld, Sigurður Þór Óskarsson, Örn Árnason, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Edda Arnljótsdóttir, Edda Björgvinsdóttir, Oddur Júlíusson, Bjarni Snæbjörnsson, Þórey Birgisdóttir, Björn Ingi Hilmarsson, Sölvi Viggósson Dýrfjörð o.fl.
**Tónlistarstjórn og útsetningar:** Hjörtur Ingvi Jóhannsson
**Danshöfundar:** Birna Björnsdóttir og Auður B. Snorradóttir
**Leikmynd:** Finnur Arnar Arnarson
**Búningar:** María Th. Ólafsdóttir
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Myndband:** Ingi Bekk
**Hljóðmynd:** Aron Þór Arnarsson og Kristinn Gauti Einarsson
**Þýðing leiktexta:** Þorleifur Hauksson
**Þýðing söngtexta:** Böðvar Guðmundsson



**„Einnig byggja þau Salka Sól og Sigurður Þór hugljúft samband á milli Ronju og Birkis," segir gagnrýnandi í dómi sínum.** MYND/OLGA HELGADÓTTIR






Ævintýrið um Ronju ræningjadóttur þekkir hvert landsbarn. Bókin um ræningjaerfingjann kom upphaflega út árið 1981 og hefur fylgt íslenskum börnum síðan. Ronja mætir nú skelegg til leiks á Stóra svið Þjóðleikhússins og býður áhorfendur velkomna í Matthíasarskóg á sýningu þar sem öllu er tjaldað til.

Astrid Lindgren var ljósárum á undan sinni samtíð og sagan af Ronju er gott dæmi um sagnasnilld hennar. Flóknar lexíur um lífið og dauðann eru faldar í sögu sem á yfirborðinu fjallar um ævintýraheim norna, álfa og ribbalda en fjallar í raun um mannlegan breyskleika, uppeldisárin og fjölskylduerjur. Börn fæðast nefnilega fordómalaus, hjartahrein og með sterka réttlætiskennd, það eru þeir fullorðnu sem flækja hlutina.

Fremst hér í flokki er auðvitað titilpersónan sjálf, Ronja ræningjadóttir, leikin af Sölku Sól Eyfeld af miklu öryggi og gleði. Slíkt sjálfstraust ber með sér mikla útgeislun á sviði. Hún endurvarpast bæði uppi á sviði og út í sal. Einnig byggja þau Salka Sól og Sigurður Þór hugljúft samband á milli Ronju og Birkis sem eiga að hata hvort annað en vináttan er hatrinu yfirsterkari. Frammistaða þeirra beggja á einungis eftir að verða betri.

Örn Árnason er fæddur til að leika hlutverk eins og Matthías ræningjaforingja, með hjartað algjörlega á erminni og gefur þessum manni tilfinningalega breidd. Oddur Júlíusson hefur alla burði til að vera arftaki Arnar á þessu sviði. Hann heldur áhorfendum í hendi sér og hefur tímasetningarnar alveg á hreinu. Sömuleiðis stelur Edda Björgvinsdóttir senunni í hlutverki Skalla-Pésu, hispurslausu og heilhuga kerlingarinnar sem bögglast við að smíða sína eigin líkkistu.

Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikur Lovísu, móður Ronju, af öryggi en stundum skortir hlýjuna. Flutningur hennar á Úlfasöngnum er þó stórkostlegur og mátti heyra saumnál detta í skóginum á meðan lagið var flutt. Önnur hlutverk eru töluvert smærri og gefa minna pláss fyrir karaktersköpun. Ræningjastóðið kemur með fjörið, alltaf má treysta á Baldur Trausta og Eddu sem hér leika hin ræningjahjónin og krakkarnir í sýningunni standa sig með prýði í fjölbreyttum ævintýrahlutverkum.

Um leikstjórn sér Selma Björnsdóttir sem gerir vel en rammann þarf að styrkja og örlítið ójafnvægi má finna í vinnu hennar. Fyrir hlé er mikil áhersla lögð á hraðann, stokkið er á milli atriða og sagan keyrð áfram þannig að sum atriðin njóta sín ekki nægilega. En eftir hlé þegar persónum er gefið aðeins meira pláss blómstrar sýningin líkt og tré að vori.

Ævintýraheiminn á sviðinu skapar Finnur Arnar af kunnáttu og hugviti, hringsviðið er bæði notað til að skapa dýpt og breidd þessa heims. Myndun Helvítisgjárinnar gefur áhrifamikinn tón fyrir framhaldið. Stóra sviðið í Þjóðleikhúsinu reynist listrænum ráðunautum þó erfitt þegar kemur að söngleikjum. Líkt og með aðrar sýningar af svipuðum meiði eru dansatriðin flöt en orkumikil, leikararnir þurfa að framkvæma atriðin fremst á sviðinu þar sem plássið er lítið. María Th. er hér í essinu sínu hvað varðar búningahönnun, þar standa skógarnornirnar upp úr sem og auðvitað rassálfarnir. Þá verður líka að nefna alla gerva- og hárhönnun þar sem hver flétta skiptir máli.

Hljóðið þarf að endurstilla, ekki var hægt að heyra orðaskil í hópatriðunum á frumsýningunni, sem er synd. Tónlistin yfirgnæfði allt, skarkalinn varð alltof mikill og heyranlegur munur var á hljóðnemum leikaranna. Aftur á móti var söngur og dans rassálfanna eftir hlé glimrandi góður og skýr. Hjörtur Ingvi, í samvinnu við sextett, rokkar tónlistina upp og færir til nútímans en örlítil söknuður er að klassísku þjóðlagastemmingunni.

Sagan um Ronju er tímalaus og mikilvægt að rifja hana upp reglulega. Salka Sól og Sigurður Þór mynda hjarta sýningarinnar sem er hreint og slær taktfast. Þrátt fyrir ójafnvægi í leikstjórninni halda Ronju engin bönd og vorópið vekur alltaf gleði. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Þrátt fyrir að sýningin sé ekki gallalaus hífa sagan og aðalleikararnir tveir, sérstaklega eftir hlé, hana upp á eftirminnilegt plan.


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af dragböndum/ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17


















**Högni hitar upp fyrir Iceland Airwaves í Stúdentakjallaranum með strengjasveit sér við hlið.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 21. SEPTEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Heyrðu #1
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Heyrðu kynnir sína fyrstu tónlistarveislu. Berlínski raftónlistarmaðurinn HDMIRROR mun spila öfgafulla danstónlist sína. Sigrún flytur lög af plötunni sinni Onælan sem kemur út 22. september. DVDJ NNS og Milljón sjá svo um að halda uppi fjörinu á undan og eftir.

**Hvað?** Högni með strengjakvartett í Stúdentakjallaranum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Iceland Airwaves-hátíðin verður haldin 7. til 10. nóvember og í tilefni þess býður Landsbankinn á Airwaves-upphitunartónleika í Stúdentakjallaranum í kvöld, föstudaginn 21. september, kl. 21. Einn af okkar allra bestu listamönnum, Högni, mun koma fram með strengjakvartett.

**Hvað?** R6013: Haldol (USA), Börn, ROHT, Rex Pistols
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ingólfsstræti 20
Opið öllum aldurshópum. Farið verður fram á um 1.000 kr. framlag en engum er vísað frá vegna fjárskorts.

### Viðburðir

**Hvað?** Tangó praktika og milonga Tangófélagsins
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kramhúsið, Skólavörðustíg
Argentískur tangó – byrjum á praktiku fyrsta klukkutímann og í framhaldi er milongan, Dj er Þórður og gestgjafar eru Jóhann og Hallur. Frítt er inn á praktikuna en kr. 1.000 kostar á milonguna. Við bjóðum upp á afslappað umhverfi og frábært dansgólf. Allir velkomnir.

**Hvað?** Reykjavík Kabarett
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Leikhúskjallarinn
Vikulegar „late night“ sýningar Reykjavíkur Kabaretts hafa siglt ljúflega af stað, fullt hús og fjölbreyttar sýningar. Í kvöld kemur fram rjóminn af íslensku og erlendu skemmtilistafólki. Hin drepfyndna grínamma María Guðmundsdóttir stígur á svið með burlesque-uppistand og Skarphéðinn frá Fljótstungu fagnar tíu árum frá því hann var krýndur dragkóngur Íslands. Lárus Blöndal fremur fullorðinstöfrabrögð og Maísól mun koma fólki í opna sjöldu. Burlesque-drottningin Margrét Maack heillar áhorfendur, nýkomin heim af átta vikna sýningarferðalagi um Evrópu. Hin ávala Kimmy Von Shimmy frá Englandi leikur listir sínar, Daníel Polekington sýnir öndvegissúludans og frá New York, nánar tiltekið frá Coney Island, koma Velvet Crayon og fakírinn Jellyboy the Clown (engar áhyggjur, hann er ekki svoleiðis trúður) og alla leið frá Nashville kemur glamúrdrottningin Jenna Beth. Margo ber svo ábyrgð á allri vitleysunni.

**Hvað?** Pulp Fiction – föstudagspartísýning með K100
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Myndin er talin með áhrifamestu kvikmyndum tíunda áratugarins. Hún var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlaut Óskarinn fyrir besta handrit og Gullpálmann í Cannes. Sýnd á trufluðri föstudagspartísýningu í samstarfi með útvarpsstöðinni K100!

**Hvað?** Svartlyng – Glænýr og blóðugur íslenskur farsi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Svartlyng – Glænýr og blóðugur íslenskur farsi. Í Lagadeild Háskóla Íslands er þrískipting valdins útskýrð með þessum hætti: „Svartlyng-ættin á dómstólana, Svartlyng-ættin á stjórnarráðið og Svartlyng-ættin á löggjafarþingið.“ Hinu er sleppt, að Flokkurinn mannar öll embætti í nafni Svartlyngsættarinnar enda á hún Flokkinn.

**Hvað?** Flugeldar og flugeldamengun – kynning á nýrri rannsókn
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Askja – Náttúrufræðahús, Háskóla Íslands
Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands, og Þröstur Þorsteinsson, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði, kynna nýja rannsókn á svifryksmengun á höfuðborgarsvæðinu í kringum áramót og viðhorfum almennings og hagsmunaaðila til flugelda á opnum fundi í stofu 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands í dag kl. 14-15. Á fundinum verða jafnframt kynntar mögulegar leiðir til úrbóta.

**Hvað?** Opinn fyrirlestur í Laugarnesi – Eygló Harðardóttir
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Listaháskóli Íslands, Laugarnesvegi
Eygló Harðardóttir heldur opinn fyrirlestur um verk sín og vinnuaðferðir í fyrirlestrasal Listaháskólans að Laugarnesvegi 91. Opnir fyrirlestrar í Laugarnesi fara fram á haustmisseri 2018 á vegum listkennsludeildar, myndlistardeildar og sviðslistadeildar.

### Sýningar

**Hvað?** Opnun: Jón Óskar – Bender
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Tveir hrafnar, Baldursgötu
Opnunin mun standa á milli klukkan 17.00 og 19.00 og sýningin mun standa til 20. október. Jón Óskar stundaði nám við School of Visual Arts í New York á níunda áratugnum. Hann á að baki fjölda einka- og samsýninga á Íslandi og erlendis. Verk hans er að finna í einka- og opinberum söfnum víða um heim. Hann sýndi í Listasafni Íslands 2014. Bender er þriðja einkasýning hans hjá Tveimur hröfnum listhúsi. Jón Óskar býr og starfar í Reykjavík og Vestmannaeyjum.



**Kynnt verður ný rannsókn um flugelda og mengun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK





| | | | |
|---|---|---|---|
| Whitney | 17:45 | FÖSTUDAGSPARTÍSÝNING! | |
| Útey 22. júlí | 18:00 | Pulp Fiction | 20:00 |
| Kona fer í stríð (ENG SUB) | 18:00 | | |
| Climax (ENG SUB) | 20:00 | Útey 22. júlí | 22:00 |
| Sorry to Bother You | 20:00 | Sorry to Bother You | 22:10 |

NORR11.COM

# Mammoth stóllinn



hannaður af

Rune Krøjgaard
& Knut Bendik Humlevik

NORR11

HVERFISGATA 18A — 101 REYKJAVÍK




LANDSSÖFNUN 21/9

SÖFNUNARÞÁTTUR SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR
KL. 19:25
Söfnunarþáttur slysavarnafélagsins Landsbjargar í beinni útsendingu og opinni dagskrá þar sem almenningi gefst kostur á að styðja frábært slysavarna- og björgunarstarf sem fram fer hjá þessu öfluga félagi. Grín, glens og ekki síst viðtöl við fólk sem hefur notið aðstoðar björgunarsveita ásamt óvæntum uppákomum.
**Hjálpaðu okkur að styðja gott málefni sem kemur okkur öllum við.**




**Frábær föstudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

127 HOURS
KL. 23:15
Dramatísk mynd, byggð á sönnum atburðum, um ótrúlega sögu Arons Ralston sem neyðist til að grípa til örþrifaráða þegar hann festir á sér handlegginn í klettum úti í óbyggðum.



COLLIDE
KL. 22:00
Spennumynd um ungan mann sem lendir í slagtogi við glæpaforingja og tekur að sér verkefni fyrir hann og fljótlega fer að síga á ógæfuhliðina.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. **stod2.is**


# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Blíða og Blær**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 Strákarnir**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Restaurant Startup**
**11.05 The Goldbergs**
**11.25 Veistu hver ég var?**
**12.10 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hanging Up** Grátbrosleg kvikmynd frá 2000 með þeim Meg Ryan, Diane Keaton og Lisu Kudrow. Myndin fjallar um systurnar Eve, Georgiu og Maddy og pabba þeirra, hinn elliæra Lou. Samskipti þeirra gegnum árin hafa verið heldur snubbótt og einkum í gegnum símann. Dæturnar eru allar uppteknar af eigin lífi og það er helst Eve sem heyrir hljóðið í gamla manninum annað slagið. En ástandið kallar á umbætur og nú verða systurnar í fyrsta skipti að vera samstíga í lífinu.
**14.35 Kafteinn Ofurbrók: Fyrsta stórmyndin**
**16.00 10 Puppies and Us**
**17.00 Satt eða logið** Frábær skemmtiþáttur sem sjónvarpsmaðurinn Benedikt Valsson stýrir af mikilli snilld en hann tekur á móti fjórum gestum í hverjum þætti sem skipa síðan tvö lið. Þátttakendur í hvoru liði fyrir sig segja sögur af sjálfum sér og andstæðingarnir eiga að geta upp á hvort sagan sé sönn eða lygi. Honum til halds og trausts eru liðsstjórarnir Auðunn Blöndal og Katla Margrét.
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 Slysavarnafélagið Landsbjörg - söfnunarþáttur**
**23.15 127 Hours**
**00.50 Mr. Right**
**02.25 Flatliners**
**04.15 Mesteren**

## STÖÐ 2 SPORT

**06.20 Villarreal - Rangers**
**08.00 Arsenal - Vorskla**
**09.40 PAOK - Chelsea**
**11.20 Celtic - Rosenborg**
**13.00 Juventus - Sassuolo**
**14.45 Cagliari - AC Milan**
**16.25 Leganes - Villarreal**
**18.10 La Liga Report**
**18.40 Wigan Athletic - Bristol City**
**20.45 Evrópudeildarmörkin**
**21.35 Premier League Preview**
**22.05 Tottenham - Liverpool**
**23.50 Huesca - Real Sociedad**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.55 Newcastle United - Arsenal**
**10.35 Sevilla - Getafe**
**12.20 Girona - Celta Vigo**
**14.05 HK - ÍR**
**15.50 Breiðablik - Stjarnan**
**18.25 PL Match Pack**
**18.55 Huesca - Real Sociedad**
**21.00 UFC Fight Night: Hunt vs Oleinik**
**23.00 Wigan Athletic - Bristol City**

## STÖÐ 3

**19.10 Great News**
**19.35 The Big Bang Theory**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 The Simpsons**
**21.15 Bob's Burgers**
**21.40 American Dad**
**22.05 Silicon Valley**
**22.35 Eastbound and Down**
**23.05 Unreal**
**23.50 Flash**
**01.20 Arrow**
**02.05 The Big Bang Theory**
**02.30 Seinfeld**
**02.55 Friends**
**03.20 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveins**
**08.49 Lalli**
**08.54 Rasmus Klumpur**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Ævintýraferðin**
**09.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.48 Hvellur keppnisbíll**
**10.00 Stóri og Litli**
**10.13 Tindur**
**10.23 Mæja býfluga**
**10.35 K3**
**10.46 Grettir**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveins**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Ævintýraferðin**
**13.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.48 Hvellur keppnisbíll**
**14.00 Stóri og Litli**
**14.13 Tindur**
**14.23 Mæja býfluga**
**14.35 K3**
**14.46 Grettir**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveins**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Ævintýraferðin**
**17.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.48 Hvellur keppnisbíll**
**18.00 Stóri og Litli**
**18.13 Tindur**
**18.23 Mæja býfluga**
**18.35 K3**
**18.46 Grettir**
**19.00 The Seventh Dwarf**

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.15 Inside the PGA Tour**
**08.40 Tour Championship**
**13.40 Golfing World**
**14.30 Evian Championship**
**16.35 Inside the PGA Tour**
**17.00 Tour Championship**
**22.00 PGA Championship**
**23.30 Tour Championship**
**06.00 Tour Championship**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10 Lea to the Rescue**
**12.50 The Day after Tomorrow** Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um það hvað gæti gerst ef spár svartsýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga yrðu að veruleika. Þeir telja að gróðurhúsaáhrif og önnur mannanna verk kunni að valda meiri háttar veðurbreytingum; svo miklum að jöklar bráðni, úthöf flæði yfir land og straumbreytingar geti af sér nýja ísöld. Afleiðingin af slíkum náttúruhamförum yrði hrein martröð fyrir mannkynið.
**14.50 Lost in Translation**
**16.30 Lea to the Rescue**
**18.10 The Day after Tomorrow**
**20.15 Lost in Translation** Frábær verðlaunamynd sem hreppti m.a. Óskarsverðlaun fyrir handritsgerð. Bob Harris, bandarískur leikari, er staddur í Tókýó til að leika í auglýsingu. Charlotte er líka í borginni í för með eiginmanni sínum sem er ljósmyndari.
**22.00 Collide**
**23.40 All I See Is You**
**01.30 The Lobster**
**03.30 Collide**

## RÚV

**13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2008-2009**
**14.00 Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni**
**14.20 Úr Gullkistu RÚV: Fólk og firnindi**
**15.25 Úr Gullkistu RÚV: Marteinn**
**15.55 Úr Gullkistu RÚV: Stúdíó A**
**16.30 Símamyndasmiðir**
**17.00 Blómabarnið**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hönnunarstirnin**
**18.16 Anna og vélmennin**
**18.38 Kóðinn - Saga tölvunnar**
**18.40 Krakkafréttir vikunnar**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Árný og Daði í Kambódíu**
**20.10 Séra Brown**
**21.00 45 ár**
**22.40 True Colors**
**00.30 Stranded in Paradise**
**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**11.50 Everybody Loves Raymond**
**12.15 King of Queens**
**12.35 How I Met Your Mother**
**13.00 Dr. Phil**
**13.45 Ný sýn**
**14.20 Með Loga**
**15.10 Family Guy**
**15.35 Glee**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.25 Leitin að Dóru (Finding Dory)**
**21.00 Marvel's Cloak & Dagger**
**21.45 Marvel's Agent Carter**
**22.35 Marvel's Inhumans**
**23.20 The Tonight Show**
**00.50 The Crossing**
**01.35 The Affair**
**02.30 The Good Fight**
**03.15 Star**
**04.00 I'm Dying Up Here**
**04.45 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# blómaval



**Erikur 3 stk.**
Erikur/Callunur,
margar gerðir,
þú velur lit og tegund.
Blómapottar seldir sér.

**999kr**

# HAUST HÁTÍÐ



-25%
**Ástareldur**
11328235/11328305
**890kr**
~~1.190kr~~



-28%
**Rósir, 10 stk.**
**2.490kr**
~~3.490kr~~



-25%
**Nóvember kaktus**
11328200
**749kr**
~~999kr~~

## HAUSTLAUKAR
Í ÚRVALI



-25%
**Krókusar**
Blandaðir litir.
10200568
**1.490kr**
~~1.990kr~~

## HAUSTLAUKAR
Í ÚRVALI



-25%
**Túlípanar**
**50 stk./pk.**
Rauðir.
10200297
**1.490kr**
~~1.990kr~~



**20%**
**afsláttur**
**af öllum gæludýravörum**

**Heilsu torgið**

**20%**
**afsláttur**
**af öllum snyrti- og hreinlætisvörum**



## DAGSKRÁ LAUGARDAG
Í SKÚTUVOGI



**Orbiloc öryggisljós**
Skemmtileg kynning á Orbiloc öryggisljósum. Fáðu ráðgjöf á vali á endurskini og öryggisvörum fyrir hunda.



**LADY ráðgjöf**
Maja Ben hjá „Ég er komin heim" veitir litaráðgjöf á laugardaginn í Skútuvogi kl. 11-16.



**Allir fá ís**
Komdu og gæddu þér á ís á laugardaginn frá kl. 12-15.



**Vilmundur Hansen**
verður með ráðgjöf í Blómavali í Skútuvogi laugardaginn og sunnudaginn frá kl. 13-17.



**Kanínuklapp**
Komdu og klappaðu kanínum í Blómavali í Skútuvogi á laugardaginn frá kl. 13-16.

# Nú er það köflótt

Nú standa tískuvikurnar yfir og þá er jafn gaman að fylgjast með tískusýningum og götustílnum. Það er auðvelt að sjá hvaða tískustraumar verða vinsælir í haust og er það köflótta mynstrið sem stendur upp úr. Hægt er að fá nóg af hugmyndum frá þessum myndum sem Glamour tók saman.



**Ef það er ein flík sem þú ættir að fjárfesta í fyrir haustið þá er það köflóttur dragtarjakki. Flík sem gengur við allt.**



**Köflótta mynstrið fyrir veturinn er mjög litríkt.**



**Köflótt dragt kemur sér vel í vinnuna en einnig fyrir svo margt annað.**



**Skyrta frá Anine Bing, fæst í Mathildu.**



**Peysa, fæst í Zöru.**



**Kápa frá Norse Projects, fæst í Húrra Reykjavík.**

Fáið mat á verðmætin ykkar

Hittið sérfræðinga Bruun Rasmussen

Verið velkomin í Norræna húsið, Sæmundargötu 11, 101 Reykjavík

Þriðjudaginn 2. október kl. 17-20

Þar munu reynslumiklir sérfræðingar okkar meta listaverk af öllu tagi, með sérstakri áherslu á nútímalist, „design“, fornmuni, silfurmuni, skartgripi, armbandsúr, bækur, mynt og frímerki.

Matið er án endurgjalds og án skuldbindinga – með hugsanlega sölu á uppboði í huga.

*Dagana 3. – 4. október er boðið upp á heimsóknir í heimahús, eftir því sem tími leyfir*

Nánari upplýsingar veita Össur Kristinsson, 5554991 og 6984991, Peter Beck +45 8818 1186 / e-mail pb@bruun-rasmussen.dk Torben Ringtved +45 8818 1225 / tr@bruun-rasmussen.dk





*Poul Henningsen: „PH-5/3“ Standlampi með stöng og festingar úr patíneruðu, brúnuðu messingi, með skermi úr rauðu/bronsuðu zinki. Hamarshögg: 170.000 DKK.*

Sjá nánar á bruun-rasmussen.dk

BRUUN RASMUSSEN KUNSTAUKTIONER

Sundkrogsgade 30, 2150 Nordhavn, Kbh. Tel +45 8818 1111

Søren Frichs Vej 34 D, 8230 Åbyhøj, Aarhus Tel +45 8818 1100

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

# KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBÆKLINGI NETTÓ




**124 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM!**

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar inn á netto.is og Facebook síðu Nettó varðandi kynningar í verslunum á heilsudögum.

## OFURTILBOÐ!

**Föstudagur 21. sept.**
*Tilboð dagsins*




40% AFSLÁTTUR

**Fulfil**
Hnetu & karamellubragð



50% AFSLÁTTUR

**Spínat** (baby)

**Laugardagur 22. sept.**
*Tilboð dagsins*




40% AFSLÁTTUR

55% AFSLÁTTUR

**NOW**
D-2000 og Probiotic-10




50% AFSLÁTTUR

**Engiferrót** (pk)

**Sunnudagur 23. sept.**
*Tilboð dagsins*




40% AFSLÁTTUR

**Sólgæti döðlur**
500 G



50% AFSLÁTTUR

**Spergilkál** (kg)

**Mánudagur 24. sept.**
*Tilboð dagsins*




40% AFSLÁTTUR

**HH Maískökur**
120 G



50% AFSLÁTTUR

**Græn epli** (kg)

## HELGARMÁLTÍÐIN KLÁR!



-20%

**KALKÚNABRINGUR**
FROSNAR
**1.998** KR KG
~~ÁÐUR: 2.498 KR/KG~~



-10%

**KENGÚRU FILLE**
**3.598** KR KG
~~ÁÐUR: 3.998 KR/KG~~



-20%

**LAMBAKÓTELETTUR**
Í RASPI - FORSTEIKTAR
**1.838** KR KG
~~ÁÐUR: 2.298 KR/KG~~



-20%

**LAMBABÓGSTEIK**
Í SVEPPAMARINGERINGU
**2.798** KR KG
~~ÁÐUR: 3.498 KR/KG~~



-20%

**LAMBAINNLÆRI**
BLÁBERJAKRYDDAÐ
**2.958** KR KG
~~ÁÐUR: 3.698 KR/KG~~

nettó

**Helgartilboðin gilda 20. - 23. september 2018 www.netto.is**

Á NETINU

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is














Ari Ólafsson söng sig inn í hjörtu landsmanna með laginu Our Choice en það hét Heim í íslenskri útgáfu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Áfram byrjað á að syngja á íslensku

Engir erlendir lagahöfundar mega taka þátt í forkeppni íslenska Eurovision en þeir mega vinna lagið með Íslendingum. Frá því að tungumálareglan var tekin upp árið 2010 hefur Ísland skrapað botninn.

Öll lög í forkeppni Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2019 skulu vera flutt á íslensku. Frá því að tungumálareglan var tekin upp að nýju árið 2010 hefur Ísland ekki komist áfram eða skrapað botninn. Engir erlendir lagahöfundar mega taka þátt en þeim er þó heimilt að vinna lög og texta í samvinnu við aðra. Þá mega fastráðnir starfsmenn RÚV ekki taka þátt.

Í gær var opnað fyrir að senda inn lög í Söngvakeppnina árið 2019. Keppnin verður haldin í febrúar og munu tíu lög verða valin til að taka þátt. Fimm munu keppa á tveimur undanúrslitakvöldum og komast tvö lög áfram hvort kvöld. Fjögur lög munu því keppa á úrslitakvöldinu.

Sigurvegarinn fær milljón krónur í verðlaunafé. Í reglum RÚV kemur fram að aðeins sex megi vera á sviðinu og þátttakendur verða að vera orðnir 16 ára í árslok 2018. Allur undirleikur verður spilaður af bandi og því enginn lifandi hljóðfæraleikur á sviðinu. Allur söngur skal þó vera í lifandi flutningi.

Lögin verða valin úr innsendum lögum en að auki verður leitað til ákveðinna lagahöfunda og óskað eftir að þeir taki þátt. Verður það gert í samráði við Samúel Samúelsson tónlistarstjóra.

Valnefndin verður áfram og mun hlusta á öll lögin og kjósa eftir eigin sannfæringu enda verða lagahöfundar áfram að senda inn undir dulnefni. RÚV áskilur sér rétt til að setja sig í samband við lagahöfunda og óska eftir lögum frá þeim til viðbótar við innsend lög í keppnina. Framkvæmdastjórn tekur svo endanlega ákvörðun um hvaða lög verða valin.

Síðustu skil eru klukkan 23.59 mánudaginn 22. október en hver höfundur má aðeins senda tvö lög inn. **benediktboas@frettabladid.is**



Einvígið verður á sínum stað en þau Friðrik Dór og María háðu eitt eftirminnilegasta einvígið í sögu keppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## FRÁ ÞVÍ AÐ TUNGUMÁLAREGLAN VAR TEKIN UPP

| Ár | Sæti | Lag | Flytjandi |
|---|---|---|---|
| 2011 | 20 | Coming home | Vinir Sjonna |
| 2012 | 20 | Never forget | Greta Salóme |
| 2013 | 17 | Ég á líf | Eyþór Ingi |
| 2014 | 15 | No Prejudice | Pollapönk |
| 2015 | xx | Unbroken | María |
| 2016 | xx | Hear them calling | Greta Salóme |
| 2017 | xx | Paper | Svala |
| 2018 | xx | Our Choice | Ari Ólafsson |

## ÚR REGLUM EUROVISION

- Þegar lag hefur verið valið til þátttöku velja lagahöfundar endanlega flytjendur í samráði við RÚV. Er þetta undirstrikað.
- RÚV greiðir fyrir framleiðslu, undirbúning og þátttöku lags samkvæmt fyrirfram ákveðnum töxtum. RÚV hefur endanlegt ákvörðunarvald um val á flytjendum.
- Vægi dómnefndar, sem RÚV mun skipa, mun verða áfram 50% á móti símakosningu.
- Tvö efstu lögin á úrslitakvöldinu skulu flutt aftur og kosið verður aftur á milli þeirra tveggja.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


Ed Sheeran
LAUGARDALSVÖLLUR LAUGARDAGINN 10. ÁGÚST 2019
MIÐASALA HEFST Á
FIMMTUDAG KL. 9!
AEG PRESENTS
MIÐASALA Á TIX.IS/ED · NÁNARI UPPLÝSINGAR Á SENALIVE.IS/ED
sena LIVE!
EDSHEERAN.COM
THE ALBUM ÷
OUT NOW

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


María Bjarnadóttir




# Bjartur Clinton

Eins og flestir stúdentar á Íslandi las ég Sjálfstætt fólk í menntaskóla. Þó að bókmenntafræðin lýsi mikilvægi Bjarts í Sumarhúsum, þá eru það gjörðir hans gagnvart Ástu Sóllilju í kaupstaðarferðinni sem hafa markað mína sýn á persónuna. Í skólaritgerðinni fjallaði ég því um fúlmennið sem bæri sko ekki nafn með rentu, en ekkert um lífsbaráttuna, stoltið eða sjálfstæðið.

Þegar ég sá heimspekinginn Kate Manne fjalla um Bjart í magnaðri nýrri bók um kvenfyrirlitningu hélt ég að hann yrði nú afhjúpaður alþjóðlega sem kynferðisbrotamaður frekar en tákngervingur frelsisbaráttu. Það var því óvænt að sjá höfundinn líkja Bjarti við Hillary Clinton. Samskipti hans við maddömuna þar sem hann kríaði út mjólk fyrir ungbarnið taldi hún dæmi um stolta manneskju sem undirgangist hlutverk fórnarlambsins í erfiðum aðstæðum og nýti það til að spyrna við í betri átt. Rétt eins og Hillary, með því að takast á við hlutverk svikinnar eiginkonu og þannig undirbúa sviðið fyrir stjórnmálaferilinn.

Nú má vel vera að Manne hafi ekki lesið alla kaflana í Sjálfstæðu fólki og viti bara ekki um kaupstaðarferðina. Það má líka vera að í þessu felist áminning um að það er ekki gagnlegt að nálgast kynferðisbrotamenn sem einvíðar persónur. Þeir eru alls konar fólk sem gegnir alls konar hlutverkum. Kotbændur og forstjórar. Þeir eru margir góðir menn. Það sem hefur breyst er að nú er almennt ákall eftir því að ofbeldið og áreitnin sem þeir hafa beitt sé í forgrunni, en ekki sussað niður og vandræðast með á meðan öllu því jákvæða er hampað. Hitt er svo hversu mikil áhrif þessi breytta nálgun mun hafa á framvindu næstu kafla.








